



**BIRTA**

LÍFEYRISJÓÐUR



**ÁRSSKÝRSLA 2017**

# EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns.....	3-5
Stjórn .....	6
Endurskoðunarnefnd .....	7
Starfsfólk .....	8-9
Iðgjöld .....	10-11
Lífeyrir.....	12
Rekstur sjóðsins.....	13
Ávöxtun og skipting eignasafns.....	14-15
Sjóðfélagalán .....	16-17
Tryggingafræðileg staða.....	18-21
Áhættustefna .....	22-23
Þróun markaða og eignaflokka 2017 .....	24-26
Fjárfestingarstefna.....	27-30
Regluvarsla .....	31
Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar .....	32
Stjórnháttayfirlýsing vegna ársins 2017.....	33
Stjórnskipan .....	34
Starfskjarastefna.....	35

ÁRSREIKNINGUR 2017.....	37
Efnisyfirlit ársreiknings .....	38
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	39-41
Áritun óháðs endurskoðanda .....	42-43
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2017 .....	44
Efnahagsreikningur 31. desember 2017 .....	45
Sjóðstreymi árið 2017 .....	46
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar .....	47
Skýringar .....	48-80
Kennitölur .....	81-84
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2017 .....	85
Efnahagsreikningur 31. desember 2017 .....	86
Sjóðstreymi árið 2017 .....	87
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2017 .....	88
Efnahagsreikningur 31. desember 2017 .....	89
Sjóðstreymi árið 2017 .....	90
FINANCIAL STATEMENTS.....	93
Financial statements contents .....	94
Endorsement and statement by the board of directors and the managing director .....	95-97
Independent auditor's report .....	98-99
Statement of changes in net assets for pension payments 2017 .....	100
Balance sheet as at 31 december 2017 .....	101
Statement of cash flows 2017 .....	102
Statement of actuarial position.....	103
Financial indicators.....	104-107

## Birta lífeyrissjóður

Ábyrgðarmaður: Ólafur Sigurðsson  
Umsjón: Atli Rúnar Halldórsson  
Hönnun og umbrot: Þorleifur Rúnar Örnólfsson  
Ljósmyndir: Eitt stopp/Hreinn Magnússon  
Stafræn prentun: Pixel

Á ljósmyndum í ársskýrslunni eru nemendur og kennarar í starfsgreinum í baklandi Birtu lífeyrissjóðs í atvinnulífínu: á bíltæknibrautum Borgarholtsskóla, í bakstri á námsbraut matvæla í Menntaskólanum í Kópavogi og í húsa- og húsgagnasmíði í Tækniskólanum. Stjórnendum skólanna og fyrisætum eru færðar kærar þakkir fyrir fyrirgreiðslu og góðar viðtökur.

Myndir úr skólunum þremur eru framan og aftan á kápu og á blaðsíðum 11, 15, 19, 21, 30, 31, 32, 36/37, 91 og 92/93.

Á myndinni framan á kápu er Bergþóra Kristínardóttir nemi í húsgagnasmíði í Tækniskólanum.  
Aftan á kápu er Elín Ævarsdóttir Olsen bakaranemi í Menntaskólanum í Kópavogi.

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

---

Ágætu sjóðfélagar.

Við stöndum á þeim tímamótum að hafa lokið fyrsta heila starfsári Birtu lífeyrissjóðs eftir formlega sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 1. desember 2016. Fyrst kemur upp í hugann hve ótrúlega vel og hnökralaust sameiningin gekk fyrir sig, þökk sé starfsfólkinu okkar. Það lagði hart að sér og á miklar þakkir skildar fyrir að stuðla að því að svo vel tókst til sem raun ber vitni. Kostnaður vegna sameiningarinnar er sérgreindur í ársreikningi 2017 og þegar upp er staðið kostaði sameining minna en búast hefði mátt við.

Við sem störfuðum í fyrirrennurum Birtu verðum greinilega vör við að stærðin skiptir máli! Það er vel merkjanlegt í umhverfinu að við starfrækjum nú fjórða stærsta lífeyrissjóð landsins í eignum talið. Birta lífeyrissjóður hefur mun meiri áhrif og slagkraft inn á við og út á við en sjóðirnir tveir hvor í sínu lagi. Til okkar er horft, á okkur er hlustað og eftir því tekið sem við segjum og gerum umfram það sem áður tíðkaðist, svona yfirleitt.

Hiklaust er hægt að fullyrða að sameiningin skilar því sem til var ætlast, hvort heldur litið er til skemmri eða lengri tíma.

Ánægjulegt er að fá það staðfest í uppgjöri ársins 2017 að afkoma Birtu var góð. Hrein eign til greiðslu lífeyris var tæplega 350 milljarðar króna í lok ársins og hrein raunávöxtun eigna samtryggingadeildar var 5,23%. Þetta er í samræmi við markmið okkar 2017 eftir slakt ár 2016. Árangur Birtu 2017 er fyllilega samanburðarhæfur við aðra lífeyrissjóði.

Ég hefði auðvitað kosið að sjá hagstæðara mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins um síðustu áramót. Heildarskuldbindingar í lok árs 2017 voru 3,44% umfram eignir en 4,09% umfram eignir í lok árs 2016. Það

ár var ávöxtun eigna sjóðsins slök. Fleira má reyndar nefna sem gerði það að verkum að árið 2016 var okkur erfitt, ekki síst ný viðmið um auknar lífslíkur þjóðarinnar sem tóku gildi við útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og gerðu útreiknaða stöðu hans lakari en ella.

Tryggingafræðileg staða Birtu mætti vissulega vera betri en niðurstaðan er vel innan ramma laga þar að lútandi og stjórn sjóðsins horfir til þess að brúa bil heildarskuldbindinga og eigna með áframhaldandi góðri ávöxtun og þar með batnandi afkomu. Það á bæði við um áfallnar kuldbindingar og framtíðarskuldbindingar. Stjórn hefur engin áform uppi um að grípa til ráðstafana á borð við að skerða lífeyrisréttindi til að ná þarna jöfnuði, enda engin aðkallandi þörf á slíku.

Engum dylst að lífslíkur okkar hafa aukist verulega síðustu áratugi og boðað er að þær muni aukast enn frekar. Því hefur verið mætt með ábyrgum hætti samningsaðila á vinnumarkaði, með því að atvinnurekendum hækka nú iðgjald sitt í lífeyrissjóði í skrefum og heimilað er að verja viðbótarframlaginu í tilgreindan séreignarsparnað, sem birtist okkur í fyrsta sinn í ársreikningi Birtu. Allt er þetta gert til að tryggja hagsmuni sjóðfélaga og viðunandi lífeyri við starfslok.

Lífeyrissjóðir og lífeyriskerfi landsmanna eru jafnan fyrirferðarmiklir efniviðir í þjóðmálaumræðunni, sem er auðvitað bæði eðlilegt og sjálfsagt. Undanfarnar vikur hafa lífeyrissjóðir, stefna þeirra og hagsmunir, komið ítrekað við sögu ofurlauna og rausnarlegra starfskjara æðstu stjórnenda í fyrirtækjum sem lífeyrissjóðir eiga hluti í og það stundum stóra eignarhluti.



Nú er það svo að menn hafa misjafnar meiningar um hvað teljist „hófleg“ laun og starfskjör forstjóra og æðstu stjórnenda, sérstaklega þegar forstjórnarnir sjálfir tjá sig og benda á svipuð eða jafnvel mun hærra laun kollega sinna í öðrum félögum héraðs eða erlendis.

Ég get hins vegar sagt skýrt að það vefst ekki fyrir stjórn Birtu lífeyrissjóðs að telja 5-6 milljónir króna á mánuði óhófslaun, hvað þá enn hærra upphæðir. Við höfum komið þeim sjónarmiðum okkar á framfæri við stjórnir og aðra hluthafa í félögum sem við eigum í.

Annað mál er svo hvort á okkur er hlustað eða öllu

heldur hvort eitthvað er gert með aðfinnslu okkar. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, sagði á fundum fulltrúaráðs launamanna sjóðsins að „kurteislegar ábendingar“ í þessum efnum skiluðu engu og við yrðum að leita annarra leiða til að koma sjónarmiðum sjóðsins á framfæri þannig að mark yrði á þeim tekið. Ég er sammála álitum framkvæmdastjórans.

Hvað er þá til ráða? Ég sé enga aðra leið vænlegri en þá að Birta lífeyrissjóður reyni að hafa meiri áhrif í stjórnarkjöri félaga. Við eigum að styðja til stjórnarsetu fólk sem hefur tileinkað sér hugmyndafræði í eigenda-

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

---

stefnu lífeyrissjóðsins okkar, fólk sem ber skynbragð á hófsemi í starfskjörum æðstu stjórnenda og beitir sér hiklaust gegn því að launamálin í efsta stjórnendalagi félaga fari úr böndum.

Ofurlaun í fyrirtækjum sem Birta lífeyrissjóður á hluti í samræmast hvorki hagsmunum sjóðsins né lífeyrissjóðakerfisins yfirleitt. Þess vegna eigum við að ganga eftir því að stjórnarmenn, sem tileinka sér boðskap eigendastefnu okkar og njóta stuðnings lífeyrissjóðsins, beiti sér fyrir því að sjónarmið okkar fái hljómgrunn í stjórnnum félaganna.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að ekki er sjálfgefið að fólk sem við styðjum til stjórnar nái kjöri á aðalfundum félaga sem Birta er meðeigandi í. Stjórnarseta í mörgum félögum er eftirsótt hnoss í viðskiptalífínu og jafnvel tekist á um sæti í stjórnnum.

Svo kann það meira að segja að gerast að aðrir hluthafar bindist beinlínis samtökum í stjórnarkjöri til að koma í veg fyrir að þeir sem við styðjum nái kjöri. Við þurfum engu að síður að halda okkar striki við að kynna málstað okkar og afstöðu.

Við látum því reyna á áhrifamátt okkar, enda eru greinilega sterk viðhorf innan lífeyrissjóða að þeir eigi að beita sér meira en áður í félögum, til að mynda varðandi laun og starfskjör stjórnenda. Við þurfum auðvitað að ná sátt í samfélaginu um áhrif lífeyrissjóða á starfsemi fyrirtækja án þess að það teljist afskipti sem varði við samkeppnislög.

Tónninn í samfélaginu er sá að lífeyrissjóðir eigi að „gera eitthvað“ í málum félaga en samkeppnisyrirvöld virðast á hinn bóginn hafa þær áhyggjur helstar að sjóðirnir „geri eitthvað“ og mega ekki til slíks hugsal! Staðan er því býsna sérstök og snúin.

Ef niðurstaða samkeppnisyrirvalda verður á þá leið að lífeyrissjóðir megi ekki hafa afskipti af rekstri fyrirtækja á samkeppnismarkaði þýðir það í reynd að vægi lítilla hluthafa í félögum, þar sem lífeyrissjóðir eiga stóra hluti, verði óeðlilega mikið á kostnað sjóðanna. Ef svo fer saman að minni hluthafar í slíkum félögum eru ofurlaunasinnaðir gagnvart æðstu stjórnendum er lífeyrissjóðum skákað út af borðinu við áhrif og ákvarðanir um til dæmis starfskjör. Slík staða væri auðvitað óþolandi.

Lífeyrissjóðir eiga fyrst og fremst í skráðum félögum. Þeir komu vissulega mjög að því að endurreisa

og styrkja fyrirtæki og efnahagslífið eftir bankahrunið. Sjóðirnir svöruðu að því leyti eindregnu kalli samfélagsins og stofnuðu meðal annars Framtakssjóð Íslands til þess að byggja upp efnahagslífið og fjármálamarkaðinn á tímum gjaldeyrishafta og einkafjármagns sem gufaði upp. Framtakssjóðnum var ætlað tiltekið meginhlutverk sem hann sinnti með ágætum. Framtakssjóðnum var aldrei ætlað langlífi og tími hans er nú liðinn eins og ráð var fyrir gert.

Það verður hins vegar aldrei bæði sleppt og haldið í sömu andrání. Lífeyrissjóðir eru og verða fjárfestar en því fer víðs fjarri að eignarhlutir þeirra í fyrirtækjum jafngildi því að þeir „stjórni atvinnulífínu“ á Íslandi.

Nú eru breyttir tímar í efnahagslífi og á fjármálamarkaði hér sem betur fer. Starfsumhverfi lífeyrissjóða batnaði líka mjög á árinu 2017 þegar Alþingi lögfesti heimild til að auka erlendar fjárfestingar sjóðanna. Stjórn Birtu lífeyrissjóðs stefnir að því að auka erlendar fjárfestingar. Miðað er við að allt að 31,5% eigna Birtu verði erlendis í gildandi fjárfestingarstefnu og gera má ráð fyrir að hlutfallið hækki í skrefum á næstu árum, enda í samræmi við markmið Birtu um að dreifa áhættu í starfseminni.

Ágætu sjóðfélagar.

Í starfsmannahópi Birtu lífeyrissjóðs eru fólgin mikil verðmæti fyrir sjóðinn, sjóðfélaga og samfélagið. Við njótum krafta fólks með langan starfsaldur, það býr við mikla reynslu og fagþekkingu og er tryggt vinnustaðnum sínum. Allt þetta skiptir okkur gríðarlega miklu máli og gerir Birtu að þeim öflugum lífeyrissjóði sem hann raunverulega er.

Ég ítreka þakkir mínar og stjórnarinnar til stjórnenda og starfsfólks Birtu lífeyrissjóðs. Sérstakar þakkir færi ég þeim sem hafa látið af störfum vegna aldurs eða skipulagsbreytinga. Stjórnarmönnum þakka ég samstarfið og sjóðfélögum öllum fyrir samskiptin á liðnu starfsári.

Jón Bjarni Gunnarsson

# STJÓRN

---



*Standandi frá vinstri: Jón Bjarni, Gylfi, Jakob, Davíð, Þorbjörn, Ingibjörg og Guðrún.*

*Sitjandi frá vinstri: Viðar Örn, Drífa og Unnur María.*

## **Fulltrúar launamanna**

Gylfi Ingvarsson

Jakob Tryggvason

Unnur María Rafnsdóttir

Viðar Örn Traustason

Þorbjörn Guðmundsson varaformaður

## **Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins**

Davíð Hafsteinsson

Drífa Sigurðardóttir

Guðrún Jónsdóttir

Ingibjörg Ólafsdóttir

Jón Bjarni Gunnarsson formaður

# ENDURSKOÐUNARNEFND

---



Frá vinstri: María Sólbergisdóttir formaður, Viðar Örn Traustason og Rósa Steingrímsdóttir.

Endurskoðunarnefnd er skipuð samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Hún skal skipuð þremur mönnum. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum sjóðsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður sjóðnum. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Lögbundið hlutverk endurskoðunarnefndar:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.

3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.

4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

# STARFSFÓLK



Standandi í öftustu röð frá vinstri: Stefán, Kristján Geir, Ólafur, Anna María, Hjördís og Óskar.

Standandi í miðröð frá vinstri: Eyrún, Loftur, Íris Anna, Soffía, Sigurbjörn, Guðrún Högnadóttir, Kolbrún, Sigrún Gröndal, Svala, Svanheiður, Þóra, Hanna Þórunn og Helga Dögg.

Sitjandi í fremstu röð frá vinstri: Sigbrúður, Sigrún Þóra, Birna, Jóna Guðrún og Elsa Dóra.

Á myndina vantar Erlu Fanney, Guðrúnu Iðunni, Hafdís Önnu, Hrefnu og Sjöfn Maríu.

Anna María Hannesdóttir  
innheimtufulltrúi

Birna Vilhjálmsdóttir  
gjaldkeri

Elsa Dóra Grétarsdóttir  
lífeyrismál

Erla Fanney Þórisdóttir  
þjónustufulltrúi

Eyrún Einarsdóttir  
áhættustjóri

Guðrún Högnadóttir  
lífeyrismál

Guðrún Iðunn Jónsdóttir  
bókhald

Hafdís Anna Bragadóttir  
markaðsstjóri



# STARFSFÓLK

---

Hanna Þórunn Skúladóttir  
forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs

Helga Dögg Yngvadóttir  
gæða- og skjalastjóri

Hjördís Björnsdóttir  
þjónustufulltrúi

Hrefna Sigurðardóttir  
bókari

Íris Anna Skúladóttir  
lánastjóri

Jóna Guðrún Ólafsdóttir  
bókari

Kolbrún Kjartansdóttir  
móttökuritari

Kristján Geir Pétursson  
lögfræðingur

Loftur Ólafsson  
eignastýring

Ólafur Sigurðsson  
framkvæmdastjóri

Óskar Magnússon  
þjónustufulltrúi

Sigrún Gröndal  
iðgjaldaskráning

Sigrún Þóra Björnsdóttir  
lífeyrismál

Sigurbjörn Einarsson  
lánamál

Sigbrúður Jónasdóttir  
forstöðumaður lífeyrissviðs

Sjöfn María Guðmundsdóttir  
þjónustufulltrúi

Soffía Gunnarsdóttir  
forstöðumaður eignastýringarsviðs

Stefán Birgisson  
eignastýring

Svala Sigurðardóttir  
lífeyrismál

Svanheiður Ingimundardóttir  
innheimtufulltrúi

Þóra Erlingsdóttir  
iðgjaldaskráning

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá 16 til 70 ára aldurs. Aðild að Birtu lífeyrissjóði byggist samkvæmt samþykktum á ákvæðum kjarasamninga stéttarféлага, aðild fyrirtækja eða almennum forsendum. Aðild eiga launamenn sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum og/eða njóta starfskjara samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага. Aðild er einnig heimil þeim sem hvorki eru bundnir kjarasamningum tengdra stéttarféлага né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við 2. grein laga nr. 129/1997 eða hærra, kveði samningar á um slíkt. Sé um launamann að ræða greiðir hann 4% af iðgjaldastofni hið minnsta.

Samkomulag Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) kveður á um hækkun mótframlags launagreiðenda í áföngum á árunum 2016 til 2018 úr 8% í 11,5%. Þar er jafnframt kveðið á um að sjóðfélagar geti valið um hvort viðbótariðgjaldið renni til samtryggingardeildar eða í séreignarsjóð sem tilgreind séreign.

Mótframlag sem launagreiðandi innir af hendi í lífeyrissjóð hækkaði úr 8,5% í 10% frá og með júlilaunum 2017 samkvæmt kjarasamningi ASÍ og nokkurra stéttarféлага við SA. Lokaáfanganum verður náð 1. júlí 2018 þegar mótframlag hækkar úr 10% í 11,5%.

Í árslok 2017 var 101.941 með réttindi í samtryggingardeild Birtu lífeyrissjóðs. Á árinu greiddu

18.789 manns iðgjald til samtryggingardeildar en 18.470 árið áður.

Virkir sjóðfélagar voru 15.882. Virkir sjóðfélagar teljast þeir sem greiða að jafnaði iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum.


Alls greiddu 5.383 launagreiðendur iðgjöld og námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 14.517 milljónum króna. Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði nam 155 milljónum króna.

Í árslok 2017 áttu 29.054 manns réttindi í séreignardeildum Birtu en 25.727 í árslok 2016. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 2.349. Á árinu 2017 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 814 milljónum króna. Þar er aukning um 11,06% frá fyrra ári.


Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi tvisvar á ári. Sjóðfélagar bera ábyrgð á að bera saman iðgjaldagreiðslur á yfirliti við greidd iðgjöld samkvæmt launaseðlum. Komi misræmi í ljós þurfa sjóðfélagar að skila launaseðlum til sjóðsins þar sem fram kemur afdregið iðgjald. Þetta þarf að gera innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits svo iðgjöld njóti ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa ef til gjaldþrots kemur.

Með því að nýta sér sjóðfélagavefinn á birta.is geta sjóðfélagar fylgst sjálfir með stöðu sinni. Launagreiðendur fá tvisvar á ári send yfirlit allra iðgjaldahreyfinga í bókum sjóðsins. Á launagreiðendavef á birta.is geta launagreiðendur sent skilagreinar rafrænt og skoðað stöðu og hreyfingar.

## FJÖLDI GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGA



## FJÖLDI VIRKRA SJÓÐFÉLAGA



## 20 stærstu greiðendur til Birtu lífeyrissjóðs

Ríkissjóður Íslands  
Samskip hf.  
Marel Iceland ehf.  
Rio Tinto á Íslandi hf.  
Rarik ohf.  
N1 hf.  
Ístak hf.  
Landsvirkjun  
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.  
Kaupfélag Skagfirðinga  
Handafl ehf.  
Veitur ohf.  
VHE ehf.  
Norðurál Grundartangi ehf.  
Samkaup hf.  
Flugleiðahótel ehf.  
Isavia ohf.  
Securitas hf.  
Síminn hf.  
Oddi prentun og umbúðir ehf.

## Skipting iðgjalda eftir atvinnugreinum

Sérhæfð byggingarstarfsemi	12%
Bygging húsnæðis og þróun bygginga	9%
Sala, viðgerðir og viðhald véla	6%
Heildverslun	6%
Framleiðsla á málmvörum	5%
Smásöluverslun	5%
Veitustarfsemi	4%
Opinber stjórnsýsla	4%
Matvælaframleiðsla	3%
Framleiðsla annarra véla	3%
Veitingasala og þjónusta	3%
Málmframleiðsla	3%
Starfsemi arkitekta og verkfræðinga	3%
Sjóflutningar	3%
Prentun og fjölföldun	2%
Aðrar atvinnugreinar	29%
	<hr/>
	100%

*Bakaranemar í Menntaskólanum í Kópavogi: Jóna Guðbjörg Jónsdóttir, Ragnar Dagur Einarsson og Elmaz Bakiqi.*



Meginhlutverk Birtu lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum, lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins. Með aðild að Birtu lífeyrissjóði ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs eftirlaunalífeyris. Sjóðfélagar sem verða fyrir orkutapi, sem metið er 50% eða meira, njóta réttar til örorkulífeyris og eftir atvikum barnalífeyris í samræmi við ákvæði samþykktá. Við fráfall sjóðfélaga stofnast réttur til makalífeyris og barnalífeyris í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu 9.508 milljónum króna árið 2017 sem er 8,9% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrisþegar fjölgar áfram. Að meðaltali fengu 12.944 lífeyrisþegar greitt úr samtryggingardeild.

Lífeyrisgreiðslur fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Vísitalan hækkaði um 1,7% frá miðju ári 2016 til sama tíma á árinu 2017. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjaldagreiðslum, var 65,5% samanborið við 69,2% árið áður.

Í árslok 2017 fengu 8.714 lífeyrisþegar greiddan eft-

irlaunalífeyri, 2.356 fengu örorkulífeyri og 2.016 makalífeyri. Barnalífeyrir var greiddur vegna 351 barns.

Á árinu hófu 1.333 sjóðfélagar töku eftirlaunalífeyris. Nýir örorkulífeyrisþegar voru 317 og nýir makalífeyrisþegar 209.

Útborganir úr séreignardeild voru 633 milljónir króna. Þar af var rúmlega 247 milljónum króna ráðstafað inn á húsnæðislán rétthafa samanber lög nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Þessi heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á lán gildir til 30. júní 2019.

## FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA Í SAMTRYGGINGARDEILD Í ÁRSLOK

	2013	2014	2015	2016	2017
Eftirlaunalífeyrir	6.516	7.026	7.511	8.005	8.714
Örorkulífeyrir	1.700	1.871	2.066	2.138	2.356
Makalífeyrir	1.970	2.015	1.997	2.036	2.016
Barnalífeyrir	309	337	347	340	351

# REKSTUR SJÓÐSINS

Heildar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður Birtu lífeyrissjóðs nam 763 milljónum króna á árinu 2017, þar af nam kostnaður vegna sameiningar Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 17,6 milljónum króna. Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 762 milljónum króna 2016, þar af var kostnaður vegna sameiningar sjóðanna 73 milljónir króna. Rekstrarkostnaður sjóðsins lækkaði um 1,8% á milli ára á föstu verðlagi.

Í skýringu 8 í ársreikningi má sjá sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins.

Laun og launatengd gjöld voru alls 432,3 milljónir króna 2017 en 420,5 milljónir króna 2016 og jukust því um 2,8%.

Aðkeypt tölvuþjónusta nam 7,9 milljónum króna 2017 en 2,4 milljónum króna 2016.

Rekstur upplýsingakerfa jókst um 12,3% og annar rekstrarkostnaður jókst um 12,8% á milli ára.

Eftirlitsgjöld FME námu 22,4 milljónum króna á árinu 2017 og hafa lækkað um 17,6% á milli ára.

Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,22% árið 2017, sama hlutfall og árið áður.



Vinnufundur í aðdraganda ársfundar Birtu lífeyrissjóðs. Frá vinstri: Kristján Geir Pétursson lögfræðingur, Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður stjórnar, Jón Bjarni Gunnarsson, formaður stjórnar, Hanna Þ. Skúladóttir, forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs, Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri og Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringarsviðs.

# ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

Hrein eign samtryggingardeildar Birtu lífeyrissjóðs var 334.321 milljón króna í árslok 2017 en 307.405 milljónir króna í árslok 2016 og hækkaði því frá ári til árs um 26.916 milljónir króna eða 8,8%.


Íðgjaldagreiðslur til deildarinnar 2017 námu 14.673 milljónum króna. Á móti var greiddur lífeyrir að fjárhæð 9.611 milljónir króna. Nettóinnflæði til sjóðsins nam því 5.061 milljón króna á árinu.

Hreinar fjárfestingartekjur námu 22.578 milljónum króna. Að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar jókst hrein eign deildarinnar um 26.797 milljónir króna.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar Birtu var 7,0% á árinu sem samsvarar 5,2% raunávöxtun.


Myndin hér fyrir neðan sýnir nafn- og raunávöxtun helstu eignaflokka verðbréfa fyrir samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2017.

## NAFN- OG RAUNÁVÖXTUN SAMTRYGGINGARDEILDAR BIRTU 2017




Meðfylgjandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu á safni verðbréfa og innlána hjá samtryggingardeild Birtu, annars vegar í árslok 2017 og hins vegar í árslok 2016.

## SAMANBURÐUR Á SKIPTINGU VERÐBRÉFA OG INNLÁNA Í SAMTRYGGINGARDEILD BIRTU



Myndin hér á eftir sýnir skiptingu mismunandi flokka verðbréfa og innlána í samtryggingardeild Birtu í árslok 2017.

## HLUTFALL VERÐBRÉFA OG INNLÁNA Í ÁRSLOK 2017




Skuldabréfaeign Birtu var 57,1% af eignasafni sjóðsins. Nafnávöxtun þeirrar eignar var 6,2% á tímabilinu sem samsvarar 4,4% raunávöxtun. Skuldabréfaeignin skiptist í sex eignaflokka, þar af er flokkur skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs langstærstur eða 45,1%. Sá eignaflokkur skilaði 6,6% nafnávöxtun á árinu 2017 sem samsvarar 4,8% raunávöxtun.

# ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS

Myndin hér á eftir sýnir hvernig skuldabréfaeign Birtu skiptist í mismunandi eignaflokka í árslok 2017 en verðtryggingarhlutfall viðkomandi bréfa var 91,2%.

## HELSTU EIGNAFLOKKAR INNLENDRA SKULDABRÉFA



Hlutdeild verðbréfaeignar og innlána í erlendri mynt af heildareignum sjóðsins nam 28,1% í árslok 2017. Þar af voru erlend hlutabréf um 19,2% en sá eignaflokkur

hækkaði mest á síðasta ári. Nafnávöxtun hans í íslenskum krónum nam 14,9% sem samsvarar 13,0% raunávöxtun. Ávöxtun eignaflokksins var hins vegar ennþá hærri í grunnmynt eða 23,8% þar sem styrking krónunnar á móti USD nam um 8,0% á síðasta ári.

Eignaflokkurinn óhefðbundnar fjárfestingar samanstendur af framtaksfjárfestingum, að mestu leyti í hlutabréfum, ásamt fasteigna- og veðskuldabréfasjóðum. Þessi eignaflokkur skilaði 9,1% nafnávöxtun sem samsvarar 7,3% raunávöxtun en um tveir þriðju hans er í erlendri mynt eða 66,4%. Sá hluti skilaði nafnávöxtun upp á 5,7% sem samsvarar raunávöxtun upp á 4,0%. Ávöxtunin í viðkomandi grunnmynt var hins vegar 8,4%. Innlendir hluti eignaflokksins skilaði nafnávöxtun upp á 16,0% sem samsvarar 14,1% raunávöxtun.

Þá skilaði innlend hlutabréfaeign sjóðsins 4,2% nafnávöxtun sem samsvarar 2,4% raunávöxtun. Um 86% af þeim eignaflokki eru skráð bréf og var nafnávöxtun þeirra 2,6% á móti 11,6% ávöxtun í óskráða hlutanum.



Halldór Axel Axelsson nemi í húsgagnsmíði í Tækniskólanum.

Birta lífeyrissjóður býður sjóðfélögum sínum bæði verðtryggð og óverðtryggð lán á samkeppnishæfum kjörum. Veðhlutfall er allt að 65% af fasteignamati, verðmati eða kaupverði eignar. Fastir verðtryggðir vextir Birtu lífeyrissjóðs voru 3,6% í árslok 2017. Breytilegir verðtryggðir vextir voru 2,83% en breytilegir óverðtryggðir vextir 6,1%.

Breytilegir verðtryggðir vextir eru endurskoðaðir á þriggja mánaða fresti og fylgja þróun vaxta á íbúðabréfum (HFF150444). Breytilegir óverðtryggðir vextir fylgja þróun meginvaxta Seðlabanka Íslands og eru endurskoðaðir mánaðarlega.

Sjóðfélagar hafa val um að endurgreiða lán sín með jöfnum afborgunum eða jöfnum, mánaðarlegum greiðslum. Lánstími er 5-40 ár og lánsfjárhæð ákvarðast af veðrymi, þó að lágmarki 1.000.000 kr.

Sjóðfélagalán falla undir lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Lögin leggja ríka skyldu á herðar lánveitenda um upplýsingamiðlun til neytenda. Lögin tóku gildi 1. apríl 2017 og leystu af hólmi eldri lög nr. 33/2013, hvað fasteignalán varðar. Samkvæmt þeim ber sjóðnum að meta lánshæfi allra umsækjenda með örfáum undantekningum.

## Endurskoðun reglna um lánveitingar

Lánareglur Birtu tóku tvisvar breytingum á árinu 2017 frá því þær voru fyrst samþykktar 1. desember 2016. Fyrri breytingarnar tóku gildi 1. apríl 2017 í kjölfar gildistöku laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Síðari breytingarnar tóku gildi 1. júlí 2017.

Helstu breytingar á lánareglunum í apríl voru þær að gerð var aukin krafa um greiðslumat umsækjenda en ekki er lengur miðað við tilteknar lágmarksfjárhæðir. Þá var upplýsingaskylda Birtu færð í reglur til samræmis við lögin og vakin athygli á því að Birta lífeyrissjóður veitir ekki lánaráðgjöf í skilningi laganna.

Helstu breytingar á lánareglum í júlí voru þær að hámarksveðsetningarhlutfall lækkaði úr 75% í 65% og við það dattu út viðbótarlán með vaxtaálagi sem áður voru veitt vegna lána umfram 65% veðsetningarhlutfall. Voru þessar breytingar til þess að minnka áhættu sjóðsins.

## Nýjar lánveitingar til sjóðfélaga

Nýjum sjóðfélagalánum fjölgaði mjög frá 2016 til 2017 og hafði fjölgað mikið árin þar á undan. Ný lán á árinu voru 487 talsins, þar af 38 viðbótarlán með vaxtaálagi vegna veðsetningar umfram 65%. Til samanburðar voru veitt 269 lán á árinu 2016. Heildarfjárhæð nýrra lána til sjóðfélaga á árinu 2017 var 7.702 milljónir króna, samborið við 3.566 milljónir króna árið áður.

Meðalfjárhæð nýrra lána var 15,8 milljónir króna en tæplega 17,2 milljónir króna ef leiðrétt er fyrir viðbótarlánum. Hliðstæð upphæð 2016 var 13,2 milljónir króna.

## Staða, vanskil og uppgreiðsla sjóðfélagalána

Í árslok 2017 voru lán til sjóðfélaga um 55,7 milljarðar króna eða 16,7% af heildareignum sjóðsins borðið saman við 44,6 milljarða króna eða um 14,5% af heildareignum sjóðsins árið 2016. 469 lán voru greidd upp á árinu. Samtals námu uppgreiðslur tæplega 1.200 milljónum króna.

Vanskil sjóðfélagalána í árslok 2017 námu 102 milljónum króna og eru það 0,45% útlána.

## Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á lán

Í október 2016 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Lögin tóku gildi 1. júlí 2017. Þau heimila réttihöfum að verja uppsöfnuðu iðgjaldi séreignar til kaupa á fyrstu íbúð og jafnframt að ráðstafa séreignariðgjaldi inn á höfuðstól láns sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð, upp að ákveðnu hámarki yfir tíu ára samfellt tímabil.

Heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á lán og til húsnæðissparnaðar var framlengd um 2 ár eða til 30. júní 2019. Fólk sem var með virka ráðstöfun 30. júní 2017 þurfti því að endurnýja umsókn sína um ráðstöfun ef það vildi áfram nýta úrræðið. Enn er hægt að óska eftir ráðstöfun eða breyta umsókn sinni á vef Ríkisskattstjóra, [leidretting.is](http://leidretting.is).




# SJÓÐFÉLAGALÁN


## TEGUND NÝRRA SJÓÐFÉLAGALÁNA FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	Verðtryggð lán, fastir vextir	Verðtryggð lán, breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Fjárhæð	2.396	3.600	1.707
Fjöldi lána	129	238	120
Meðalfjárhæð	18,6	15,1	14,2

## MEÐALFJÁRHÆÐ NÝRRA LÁNA 2017



## NÝ SJÓÐFÉLAGALÁN 2017



## AFGREIDD SJÓÐFÉLAGALÁN FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	2017	2017*	2016
Fjárhæð	7.702	7.702	3.566
Fjöldi lána	487	449	269
Meðalfjárhæð	15,8	17,2	13,3

\* Fjöldi nýrra lána og meðalfjárhæð leiðrétt fyrir viðbótarlánum sem veitt voru ef lán fóru umfram 65% veðsetningarhlutfall.

## STAÐA SJÓÐFÉLAGALÁNA Í ÁRSLOK FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	Verðtryggð lán, fastir vextir	Verðtryggð lán, breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Útistandandi lán	7.925	12.958	2.010
Fjöldi lána	620	2430	148
Meðalfjárhæð	12,8	5,3	13,6

# TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg athugun á stöðu Birtu lífeyrissjóðs í lok árs 2017 var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi í samræmi við ákvæði 8. greinar samþykktar sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2016.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Birta lífeyrissjóður veitir réttindi í samtryggingu og rekur auk þess séreignardeildir og tilgreinda séreignardeild. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir samtryggingardeildar. Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhaldi sjóðsins. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhaldi sjóðsins.

## Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina

- Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega.
- Lífslíkur sjóðfélaga og réttthafa: samkvæmt íslenskri reynslu 2010-2014.
- Örorkulíkur sjóðfélaga: 80% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins til loka 2017 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildarlífeyrisskuldbindingar eru þær skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga. Ákvæði laga um heimil vikmörk lúta að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Niðurstaða athugunarinnar er að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 506.057 milljónir króna og skuldbindingar vegna lífeyris- og rekstrar-kostnaðar 524.107 milljónir. Mismunur eigna og skuld-

bindinga reiknast því neikvæð um 18.050 milljónir eða -3,4% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins er innan þeirra almennu marka sem áskilin eru í lögum nr. 129/1997 um að munur eigna og skuldbindinga fari ekki umfram 10% eða yfir 5% fimm ár í röð.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika getur komið fram vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

## Helstu gögn sem stuðst hefur verið við

Réttindabókhald sjóðsins er fært samkvæmt lögum og reglum. Upplýsingar um réttindaöflun og lífeyrisgreiðslur byggjast á því bókhaldi.

- 1) Lífeyrisþegar og greiðslur til þeirra í desember 2017. Hér er tilgreind tegund lífeyris, fjárhæð, hvenær greiðslum lýkur eða þær verða endurskoðaðar ef um er að ræða maka- eða barnalífeyri, og auðkenni maka fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Er unnt að undanskilja greiðslur vegna Umsjónarnefndar eftirlauna sem Birta lífeyrissjóður fær endurgreiddar og eiga því ekki að teljast til skuldbindinga sjóðsins.
- 2) Réttindaöflun og iðgjaldagreiðslur allra einstaklinga sem greitt hafa eða greitt hefur verið fyrir til sjóðsins ár fyrir ár, og auk þess sundurliðun eftir mánuðum fyrir árin 2013-2017.
- 3) Einstaklingar sem tilgreindir eru í 1 og 2 með upplýsingum um fæðingardag og mánuð og eftir atvikum dánarár og mánuð og auðkenni maka.
- 4) Yfirlit yfir skráningu réttinda eftir iðgjalda- og almanaksárum fyrir sjóðinn sem heild.

# TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA



*Hanna María Ástvaldsdóttir nemi í húsgagnsmíði í Tækniskólanum.*

Gögn sem tryggingastærðfræðingur vinnur með eru ekki auðkennd með kennitölum.

Með því að fella úr skrá um áunnin réttindi látinna og sjóðfélaga sem komnir eru á eftirlaun fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega. Sérstaklega eru síðan talin réttindi sem lífeyrisþegar sem ekki eru orðnir 70 ára hafa áunnið sér eftir að taka lífeyris hófst.

Með athugun á skráningu réttinda eftir skráningar- og iðgjaldatímabilum undanfarin ár má ætla að um 13% af réttindum síðasta almanaksárs hafi ekki verið skráð í lok ársins.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabila 2018 og síðar, sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins, er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2017 muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar, að teknu tilliti til 13% álags sbr. hér að framan. Sá hópur sjóðfélaga kallast virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í

sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallast óvirkir sjóðfélagar.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2017 samkvæmt réttindakerfi hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2017 bornar saman við lífeyrisgreiðslur ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið bornar saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Þessar athuganir benda ekki til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

# TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

## Reikniforsendur og aðferðir

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998 sem fjármálaráðherra setur á grundvelli þeirra laga. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóði verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Með reglugerð nr. 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við mat á stöðu lífeyrissjóða og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun Birtu lífeyrissjóðs 2017 eru notaðar íslenskar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga byggðar á reynslu árána 2010-2014.

Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku eru notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002 með 20% lækkun örorkutíðni. Lífeyrisréttindi eru, eins og áður sagði, verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs. Gert er ráð fyrir því að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölnnar.

Árlegur rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld eru áætluð sem meðaltal kostnaðar árin 2015-2017, uppfært til verðlags í lok árs 2017 (gildi vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2016) og ætlað fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyris-skuldbindingar.

Til lækkunar á eign er færður áætlaður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar úttektir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir. Þó er nýtt heimild til lækkunar á örorkutíðni sjóðsins, og er eins og áður sagði, notast við 80% af almennri örorkutíðni.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuld-

## Tryggingafræðileg staða Birtu lífeyrissjóðs 2017

Upphæðir í milljónum króna

	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	334.321,4		334.321,4
Endurmat	Skuldabréf 1.429,6		1.429,6
	Hlutabréf (2.695,6)		(2.695,6)
Fjárfestingargjöld	(2.526,1)		(2.526,1)
Rekstrarkostnaður	(6.588,2)	(7.055,1)	(13.643,3)
Núvirði iðgjalda	189.170,8	189.170,8	
<b>Samtals eignir</b>	<b>323.941</b>	<b>182.115,7</b>	<b>506.056,8</b>
	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	294.595,5	149.919	444.514,5
Örorkulífeyrir	24.084,7	17.208	41.292,6
Makalífeyrir	25.441,9	9.171,8	34.613,7
Barnalífeyrir	312,9	1.666,1	1.979
Fjölskyldulífeyrir		1.707,2	1.707,2
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>344.435</b>	<b>179.672</b>	<b>524.107</b>
Eignir umfram skuldbindingar	(20.494)	2.443,7	(18.050,3)
Hlutfall	(6%)	1,4%	(3,4%)

bindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn í framtíðinni vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir sbr. umfjöllun í kaflanum um gögn hér að framan. Samtala áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins.

Við mat á skuldbindingum fyrir lífeyrisþega er miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2017 færðan til verðlags í janúar 2018 að teknu tilliti til breytinga vegna sameiningar.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins, miðað við réttindi og greidd iðgjöld 2017.

Við útreikninga framtíðarskuldbindinga og verðmæti framtíðariðgjalda er miðað við óbreyttar iðgjalda-

# TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

greiðslur núverandi sjóðfélaga til starfsloka frá því sem var á árinu 2017. Tekið er tillit til 13% álags vegna óskráðra iðgjalda ársins en reiknað á föstu verðlagi þannig að ekki er gert ráð fyrir launahækkunum umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Lífeyrisaldur er settur 67 ár eða aldur sjóðfélaga sé hann hærrí. Eignir sjóðsins, sem bera fastar tekjur, eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólguþétt Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%. Eignir sjóðsins sem bera fastar tekjur eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verð-

bólguþétt Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%. Þá eru eignir með breytilegar tekjur, skráðar á skipulegum markaði, metnar á því sem lægra er, markaðsverði í árslok eða meðaltali markaðsverðs síðustu þriggja mánaða ársins.

Þau frávík, sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi, eru skráð sem endurmat eigna.

## Niðurstöður

Helstu þættir sem hafa áhrif á stöðu sjóðsins eru ávöxtun, lýðfræðilegir þættir og rekstrarkostnaður.

Raunávöxtun sjóðsins að teknu tilliti til endur mats reiknast um 3,9% á árinu og bætir það tryggingafræðilega stöðu sjóðsins nokkuð.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar á árinu, fer úr -4,1% í -3,4%.



Úlfur Mikael Hjartarson og Guðmundur Ottó Grímsson, nemar í húsasmíði í Tækniskólanum.

# ÁHÆTTUSTEFNA

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér áhættustefnu sem byggð er á ákvæðum laga og reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Auk þess er stuðst við tilmæli OECD/ IOPS er varða áhættustjórnkerfi lífeyrissjóða. Áhættustefna Birtu var samþykkt af stjórn og framkvæmdastjóra 30. nóvember 2017. Hægt er að nálgast afrit af áhættustefnu sjóðsins á vefnum birta.is.

Meginmarkmið áhættustefnu Birtu er að minnka líkur á skerðingu réttinda sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Heildaráhættustýring er skilgreind sem eftirlitskerfi sem felur í sér reglur, verkferla og verklag sem sameiginlega miða að því að greina, mæla, meta, stýra og fylgjast með áhættu í starfsemi lífeyrissjóðsins.

## Skilgreining áhættu

Áhætta er skilgreind sem hættu á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri áhættuþætti sem lífeyrissjóðurinn skilgreinir.



Lífeyristryggingaráhætta	Fjárhagsleg áhætta	Mótaðilaáhætta	Lausafjáraáhætta	Rekstraráhætta
Skerðingaráhætta	Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta	Útlánaáhætta	Seljanleikaáhætta	Starfsmannaáhætta
Iðgjaldaáhætta	Uppgreiðsluáhætta	Samþjöppunaráhætta	Útstreymisáhætta	Sviksemisáhætta
Umhverfisáhætta	Markaðsáhætta	Landsáhætta		Áhætta vegna upplýsingatækni
Lýðfræðileg áhætta	Gjaldmiðlaáhætta	Afhendingaráhætta		Orðsporsáhætta
Réttindaflutningsáhætta	Ósamræmisáhætta	Uppgjörsáhætta		Pólitísk áhætta, lög og reglur
	Verðbólguáhætta			Skjalaáhætta
	Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði			Úrskurðaráhætta lífeyris
	Áhætta v/skuldbindinga utan efnahags			Áhætta vegna útvistunar
	Seljanleikaáhætta innlendra hlutabréfa			Stjórnarhættir
				Upplýsingaáhætta

# ÁHÆTTUSTEFNA

## Skipulag áhættustýringar

Eitt af hlutverkum stjórnar Birtu er að marka stefnu og hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er innleiðing og samþykkt áhættustefnu. Skipulag áhættustýringar er einn af lykilþáttum í starfsemi Birtu. Stjórn sjóðsins ber endanlega ábyrgð á að hjá Birtu sé fullnægjandi áhættustýring. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innleiðingu áhættustýringar og að hugað sé að mikilvægi eftirlitsumhverfis á mismunandi starfs sviðum sjóðsins.

Áhættustjóri ber sem ábyrgðaraðili áhættustýringar ábyrgð á greiningu, vöktun, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Starfssvið áhættustýringar Birtu er sjálfstætt og óháð öðrum starfseiningum sjóðsins. Áhættustýring getur lagt fram skýrslur, milliliðalaust til stjórnar, um sínar niðurstöður og lagt til viðeigandi ráðstafanir varðandi fjárfestingartakmarkanir ef svo ber undir.

## Áhættuvilji og áhættuþol

Áhættuvilji og áhættuþol stjórnar endurspeglast í áhættustefnu sjóðsins en þar kemur fram að stjórn hefur skilgreint áhættuvilja sinn með því að setja viðmið um tilgreinda áhættuþætti. Áhættuþol sjóðsins beinist að nokkrum meginþáttum sem skilgreindir hafa verið í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu og að staða sjóðsins sé innan vikmarka.

## Meginaðferðir við að stýra áhættu

Í áhættustefnu eru skilgreindar fjórar meginaðferðir við að stýra áhættu:

### Að draga úr áhættu

Reynt er að milda eða minnka áhættu með því meðal annars að takmarka eign í eignaflokki eða dreifa eignum milli flokka eða landa. Áhættudreifing eigna er ein leið til að draga úr áhættu, til að mynda með takmörkun á innbyrðis fylgni, samvali mismunandi eignaflokka, dreifingu milli ólíkra landssvæða og dreifingu gjaldmiðla.

### Að forðast áhættu

Reynt að útiloka áhættu með því að fjárfesta ekki í ákveðnum eignum eða tilteknum verðbréfum. Í þessu sambandi er við hæfi að benda á að í rekstri lífeyrissjóðsins fylgir ávallt tiltekin áhætta

og ákveðin meðvituð áhættutaka er eðlilegur þáttur í stýringu eignasafnsins.

### Að yfirfæra áhættu

Reynt að notast við ákveðnar varnir gegn ákveðnu gjaldi til að draga úr áhættu.

### Að viðurkenna áhættu

Lagt er mat á hvort það svari kostnaði að taka áhættu, tímalengd og mögulegar aðstæður við áhættutökuna.

## Áhættuflokkar

Samkvæmt áhættustefnu Birtu eru áhættuþættir í starfsemi lífeyrissjóðsins flokkaðir í fimm megináhættuflokka:

1. Lífeyrstryggingaáhætta
2. Fjárhagsleg áhætta
3. Mótaðilaáhætta
4. Lausafjáraáhætta
5. Rekstraráhætta

Þessi flokkun áhættu byggist á leiðbeiningum GARP (Global Association of Risk Professionals) og skýrslu alþjóðasamtaka tryggingastærðfræðinga IAA (International Actuarial Association) með aðlögun að starfsemi lífeyrissjóða. Skýringar og skilgreiningar eru ýmist byggðar á lögum eða fræðibókum og færa má rök fyrir því að sumir áhættuþættir geti fallið undir aðra meginflokka en þá sem tilgreindir eru.

Ofangreindir fimm megináhættuflokkar skiptast í 31 undirflokk (áhættuþátt). Í skýringu 19 í ársreikningi er gerð nánari grein fyrir nokkrum áhættuþáttum og stöðu þeirra. Sú flokkun sem gerð er í áhættustefnu byggist á eðli áhættunnar en mikilvægt er að hafa í huga að áhætta er breytilegt ástand en ekki stöðugt. Því verða stjórn og starfsfólk Birtu að meta það á hverjum tíma hvar talið er að mesta áhættan liggji í rekstri sjóðsins og haga aðgerðum í takt við það.

# ÞRÓUN MARKAÐA OG EIGNAFLOKKA 2017

## Innlendur skuldabréfamarkaður og vextir

Stýrivextir Seðlabanka Íslands héldu áfram að lækka á árinu. Í upphafi árs voru stýrivextir 5% en voru eftir þrjár vaxtalækkanir af hálfu Seðlabanka komnir í 4,25% í lok árs. Eins og undanfarin ár gaf lág verðbólga bankanum færi á að lækka stýrivexti auk þess sem hægja tók á þjóðarbúskapnum þegar líða tók á árið.

Töluverðar breytingar urðu á ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa eftir tíðindalítið ár þar á undan. Ávöxtunarkrafa tók að lækka þegar skammt var liðið á árið og lækkaði nánast sleitulaust allt til loka árs. Verðverðtryggðra skuldabréfa hækkaði því hægt og bitandi allt árið (verð skuldabréfa með föstum vöxtum hækkar þegar ávöxtunarkrafa lækkar en verð þeirra hækkar þegar ávöxtunarkrafa lækkar) og var ávöxtun með miklum ágætum. Nafnávöxtun vísitölu 10 ára verðtryggðra ríkisbréfa var til dæmis um 12% og raunávöxtun rétt innan við 10%.

Útgáfa verðtryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð var nánast engin en íbúðabréf, langstærsti flokkur verðtryggðra skuldabréfa með ábyrgð ríkisins, hafa ekki verið boðin út í mörg ár. Ríkissjóður hefur heldur ekki boðið út verðtryggð skuldabréf í langan tíma. Fátt bendir til þess að þessi staða breytist á næstunni þótt vert sé að nefna að ríkissjóður gæti boðið út nýjan flokk verðtryggðra skuldabréfa á árinu 2018.

Viðskiptabankarnir héldu sínu striki með reglubundnum útboðum sértryggðra skuldabréfum en skuldabréf banka hafi borið uppi útgáfu trausttra verðtryggðra skuldabréfa undanfarin ár.

Að vanda voru boðin út skuldabréf sveitarfélaga og var Lánasjóður sveitarfélaga þar atkvæðamestur.

Fasteignafélögin sem skráð eru í Kauphöllinni, Reginn hf., Reitir hf. og Eik hf., öfluðu sér einnig lánsfjár með skuldabréfaútboðum.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði lítillega frá upphafi til loka árs. Nokkrar sveiflur voru á árinu sem þarf ekki að koma á óvart, meðal annars í ljósi þess að langtímavextir voru orðnir lágir í sögulegu samhengi. Þannig lækkaði ávöxtunarkrafa langra ríkisbréf fram eftir árinu og náði lágmarki í júní en lækkunin gekk öll til baka og gott betur á seinni helmingi ársins. Ávöxtun langra ríkisbréfa var því ekki há og miklu lægri en á árinu 2016, sem var mjög gjöfult ávöxtunarár í þessum eignaflokki.

Ávöxtunarkrafa stuttra ríkisbréfa lækkaði aftur á móti aðeins frá upphafi til loka árs. Nafnávöxtun vísitölu 5 ára ríkisbréfa var 5,5% og raunávöxtun um 3,5%.


Lánamál ríkisins buðu reglulega út ríkisbréf en eitt til tvö útboð voru að jafnaði í hverjum mánuði. Lánsfjárförf ríkisins hefur minnkað hægt og bitandi á undanförunum árum og hrein útgáfa, þ.e. útgáfa að frádregnum afborgunum, raunar farið minnkandi.

Innlend skuldabréfaeign Birtu lífeyrissjóðs var 190 milljarðar króna í árslok 2017. Mest kveður að skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs sem eru tæpur helmingur skuldabréfasafnsins og hátt í einn þriðji af heildareignasafni sjóðsins. Aðrir eignaflokkar eru helstir skuldabréf sveitarfélaga, skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga, sértryggð skuldabréf banka og skuldabréf fyrirtækja.


Eign sjóðsins í veðskuldabréfum er einnig nokkur vegna veðlána til sjóðfélaga og lögaðila.

Langstærstur hluti skuldabréfaeignar sjóðsins er gerður upp á upphaflegri kaupkröfu en ekki markaðs-kröfu. Þetta hefur í för með sér að sveiflur á markaðsverði skuldabréfa, vegna breytinga á ávöxtunarkröfu á markaði, hafa ekki áhrif á bókfært verðmæti skulda-

## VERÐBÓLGA OG STÝRIVEXTIR




## VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF





# ÞRÓUN MARKAÐA OG EIGNAFLOKKA 2017

## ÓVERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF



bréfa í bókum sjóðsins. Miklar hreyfingar á ávöxtunarkröfu á markaði, hvort sem um ræðir til hækkunar eða lækkunar, hafa því takmörkuð áhrif á ávöxtun skuldabréfasafns sjóðsins þegar til skemmri tíma er litið. Þetta gildir um samtryggingardeild Birtu en skuldabréfaeign séreignarleiða er færð á markaðsverði á hverjum tíma. Gengishækkun verðtryggðra ríkisskuldabréfa á síðasta ári skilaði sér því af krafti í ávöxtun séreignarleiða og verði hún varanleg má segja að hún dreifist á fleiri ár í samtryggingardeildinni.

## Innlend hlutabréf


Hlutabréf hækkuðu árið 2017 eftir magurt ár þar á undan og hækkaði heildarvísitala Kauphallar um 6%. Hlutabréfaverð í Marel hækkaði um þriðjung en félagið vegur mjög þungt í vísitölunni. Svipaðar hækkanir voru á hlutabréfum í Fjarskiptum (nú Sýn), Origo (áður Nýherji), HB Granda og VÍS.

Sú lækkun sem hófst um mitt ár 2016 á gengi hlutabréfa Icelandair hélt áfram og var verð bréfanna þriðjung lægra í lok árs 2017 en það var í upphafi ársins. Gengi hlutabréfa Haga lækkaði mikið en 2017 var ár töluverðra sviptinga á íslenskum matvörumarkaði. Ekkert nýtt félag var skráð í Kauphöllinni á árinu en eitt félag var hins vegar afskráð þar, bréf stoðtækjaframleiðandans Össurar. Þetta félag hefur verið skráð í dönsku kauphöllinni frá 2013 og jafnframt skráð á Íslandi en er nú eingöngu skráð í Danmörku.

Í árslok 2017 voru 20 félög skráð á innlendum hlutabréfamarkaði.

Innlend hlutabréf, skráð og óskráð, voru í árslok um 14% af heildareignasafni Birtu en langstærstur hluti hlutabréfaeignar sjóðsins er í hlutabréfum skráðra félaga.

## INNLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR



Í árslok voru stærstir einstakir eignarhlutir sjóðsins í innlendum hlutabréfum í Marel og Icelandair Group en sjóðurinn á hlutabréf í öllum fyrirtækjum sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar. Meðal stærstu óskráðra eigna sjóðsins er eignarhlutur í Framtaksjóði Íslands en sá eignarhlutur hefur farið minnkandi á undanförunum árum í takt við útgreiðslur sjóðsins til eigenda. Þá skal nefna eign í Jarðvarma slhf. sem fer með 25% eignarhlut í HS Orku.

## Erlendir markaðir


Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) hækkaði um 22,4% á árinu mælt í dollurum. Gengisvísitala krónunnar stóð sem næst í stað gagnvart erlendum gjaldmiðlum en hún styrktist nokkuð gagnvart dollar, viðmiðunarmynt heimsvísitölunnar. Ávöxtun í krónum var því um 12%.

Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn vegur ríflega helming af markaðsvirði allra skráðra hlutabréfa í heiminum og hækkaði um 22% (S&P 500). Hann var knúinn áfram af miklum hækkunum á gengi hlutabréfa fyrirtækja sem eru á hvers manns vörum, til dæmis Facebook, Google, Amazon og Apple. Árleg meðalávöxtun bandarískra hlutabréfa, frá því að núverandi uppsveifla hófst í upphafi árs 2009, er 18%. Slík ávöxtun fer fjarri því að slá við uppsveiflunni á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum á áratugnum 1990–2000.

Uppskeran á evrópskum hlutabréfamörkuðum var hvergi nærri jafngóð og í Bandaríkjunum en Evrópuvísitala MSCI hækkaði um 11% í evrum. Ef ávöxtunin er aftur á móti skoðuð í dollurum var hún miklu hærri en evran styrktist mikið gagnvart dollar á síðasta ári. Af stóru evrópsku hlutabréfamörkuðum hækkaði sá þýski mest.

# ÞRÓUN MARKAÐA OG EIGNAFLOKKA 2017


## ERLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR (Í USD)



Á norrænum hlutabréfamörkuðum voru miklar hækkanir í Noregi og Danmörku en helsta sænska hlutabréfavisitalan hækkaði lítið. Þar skipti mestu mikil lækkun á verði hlutabréfa í Hennes & Mauritz sem vóg þungt í vísitölnni þó að vigt félagsins sé nú snöggjum minni eftir miklar lækkanir á hlutabréfaverði. Ávöxtunartölur í einstökum löndum voru eftir atvikum mjög háar. Nefna má Brasilíu, Hong Kong, Indland og Suður-Kóreu. Styrking margra mynta nýmarkaðsríkja gagnvart dollar lagði einnig sitt af mörkum til hinnar háu ávöxtunar í dollar.

Vextir víðast um heim voru áfram lágir en allir stærstu seðlabankar heims hafa haldið vöxtum lágum um margra ára skeið og gripið til margvíslegra annarra aðgerða til að halda vöxtum niðri. Lágt vaxtastig hefur fært hlutabréfamörkuðum meðvind á undanförunum

## ERLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR (Í ISK)



árum og að sínu leyti ýtt undir hina langvinnu upp-sveiflu á hlutabréfamörkuðum almennt. Bandaríski seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína í þriggja á árinu eftir því sem efnahagsframvindan gaf tilefni til og langtímavextir fóru einnig hækkandi. Ef hagvöxtur á alþjóðavísu heldur áfram að braggast er ýmislegt sem bendir til þess að hið langa tímabil lágra vaxta fari að draga að lokum í fleiri löndum en í Bandaríkjunum. Þá virðist blasa við að hlutabréfamarkaðir þurfi að takast á við breytt landslag er varðar vexti og vaxtaþróun.

Yfirgnæfandi hluti erlendra eigna Birtu er í erlendum hlutabréfasjóðum og sérgreindum hlutabréfasöfn-um. Aðrar erlendar eignir sjóðsins eru einkum fram-takssjóðir (e. private equity). Í árslok 2017 voru erlend verðbréf Birtu um 22% af heildareignum.

# FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarstefna Birtu lífeyrissjóðs er mótuð af stjórn sjóðsins með þátttöku fjárfestingarráðs Birtu á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerðar nr. 916/2009 með síðari breytingum. Stefnan er mótuð í samræmi við góða viðskiptahætti og með hliðsjón af fjárfestingarreglum Birtu og þeim kjörum sem best bjóðast á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar, áhættu og verðtryggðra lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

Stefnan byggist á mismunandi tegundaflokkun innlána og verðbréfa og er henni ætlað að vera vegvísir fyrir stjórn, fjárfestingarráð og þá þjónustuaðila sem stýra eignum fyrir sjóðinn. Stefnan er birt á vef sjóðsins ásamt því að vera ávallt kynnt sjóðfélögum á ársfundi sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við ávöxtun eigna sjóðsins og framfylgni við fjárfestingarstefnuna eru 1. - 5. töluliður 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaganna ávallt hafðir til grundvallar. Þessi atriði varða hagsmuni sjóðfélaga, aldursamsetningu þeirra og aðra þætti er geta haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Byggja skal allar fjárfestingar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga. Að sama skapi þarf að gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega dreifðar þannig að koma megi í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun á óhóflegri áhættu í eignasafni hans. Til viðbótar við þetta ber sjóðnum að setja sér siðferðisleg markmið í fjárfestingum sínum.

Birta lífeyrissjóður er langtímafjárfestir og hagar fjárfestingum sínum samkvæmt því. Stjórn sjóðsins og fjárfestingarráð ákvarða stefnu um eignastýringu og samval eigna sjóðsins til langs tíma. Engu að síður er stefnan endurskoðuð að minnsta kosti árlega með tilliti til breytinga í umhverfi sjóðsins. Stefnan byggist meðal annars á því að hæfilegt svigrúm sé til staðar til að nýta þau fjárfestingartækifæri er gefast á hverjum tíma en þó innan skynsamlegra marka til að tryggja hagsýni og gætni í ávöxtun eigna.

## Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar


Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar byggist á tegundaflokkun innlána og verðbréfa sbr. 36. gr. a lífeyrissjóðalaganna með síðari breytingum. Skv. öðrum kafla reglugerðar nr. 916/2009, með síðari breytingum,

skal ákvarða form og efni fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar með ákveðnum hætti. Í henni skal meðal annars birta áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetningu skuli náð ásamt þeim forsendum sem stjórn sjóðsins byggir stefnuna á. Jafnframt skal fjalla um áhrif lífeyrisbyrðar, réttindakerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig ber sjóðnum að fjalla um áhrif stefnunnar á núverandi eignasamsetningu sjóðsins.

## Lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði

Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, nam 65,5% á árinu 2017 til samanburðar við 69,2% á árinu 2016 og nemur lækkunin því um 3,7 prósentustigum á milli ára. Þegar tekið er tillit til greiðsluflæðis af verðbréfaeign sjóðsins með föstum tekjum styrkist framtíðargreiðsluflæðið enn frekar en áætla má að lífeyrisbyrðin verði undir 50% að meðaltali af ráðstöfunarfé sjóðsins til nýfjárfestinga á næstu fimm árum.

## ÁÆTLAÐ FRAMTÍÐARGREIÐSLUFLÆÐI



Myndin sýnir áætlað greiðsluflæði Birtu til framtíðar þar sem ekki er gert ráð fyrir nýliðun sjóðfélaga. Samkvæmt þessum forsendum duga tekjur fyrir greiðslu lífeyris a.m.k. til ársins 2031. Eftir það fer að ganga á eignir sjóðsins en áfallnar skuldbindingar umfram heildareignir voru 3,4% í árslok 2017. Samtryggingardeild sjóðsins hefur því ennþá töluvert svigrúm til að fjárfesta í eignaflokkum sem sveiflast í verði.

# FJÁRFESTINGARSTEFNA

## FJÁRFESTINGARSTEFNA - SAMTRYGGING

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	1,0%	0,0%	4,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25,0%	30,0%	20,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,5%	6,5%	2,5%
Sértryggð skuldabréf	4,5%	6,5%	2,5%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	15,0%	20,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	7,0%	11,0%	3,0%
Innlend hlutabréf	12,0%	15,0%	9,0%
Erlend hlutabréf	23,0%	31,0%	15,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	8,0%	10,0%	6,0%
Samtals	100,0%		
Par af eignir í erlendum gjaldmiðli	31,5%	50,0%	19,0%

### Eignasamsetning og núverandi staða

Núgildandi fjárfestingarstefna samtryggingardeildar, sem stjórn sjóðsins undirritaði 30. nóvember 2017, felur í sér markmiðssetningu ársins 2018. Stefnuna má sjá í töflu hér að ofan en gert er ráð fyrir að sjóðnum takist að ná markmiðum sínum um eignasamsetningu og halda sig innan vikmarka settrar stefnu á árinu 2018.

### Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Við mótun nýrrar stefnu er tekið mið af eignasamsetningu sjóðsins, aðstæðum á mörkuðum og þeim fjárfestingartækifærum sem framundan eru. Horft er til framtíðar og spáð fyrir um vænta ávöxtun og áhættu helstu tegundaflokka innlána og verðbréfa. Grundvöllur aðferðafræði sem sjóðurinn notar við mótun stefnunnar

byggist á líkani sem tekur tillit til þróunar skuldbindinga og samfylgni eignaflokka við skuldbindingar sjóðsins.

Samtryggingardeildin notar ákveðnar vísitölur til viðmiðunar um árangur ávöxtunar og áhættu einstakra eignaflokka. Þær helstu eru verðtryggð vísitala NASDAQ OMX á Íslandi með fastan 10 ára líftíma (OMXI10YI) sem notuð er sem viðmið fyrir ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs. Viðmið við ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins er heildarvísitala aðallista NASDAQ OMX á Íslandi, arðgreiðsluleiðrétt (OMX IGI). Viðmið við ávöxtun erlendra hlutabréfa- eigna sjóðsins er heimsvísitala Morgan Stanley, arðgreiðsluleiðrétt (MSCI World TR). Aðrar vísitölur, sem notaðar eru til viðmiðunar einstakra eignaflokka, má sjá í fjárfestingarstefnuskjali Birtu á birta.is.

## FJÁRFESTINGARSTEFNA - TILGREIND SÉREIGN

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	24,5%	100,0%	0,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25,0%	35,0%	0,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0,0%	0,0%	0,0%
Sértryggð skuldabréf	8,5%	12,0%	0,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%
Skuldabréf fyrirtækja	0,0%	0,0%	0,0%
Innlend hlutabréf	12,0%	15,0%	0,0%
Erlend hlutabréf	30,0%	35,0%	0,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	100,0%		
Par af eignir í erlendum gjaldmiðli	30,0%	35,0%	0,0%

# FJÁRFESTINGARSTEFNA

## Fjárfestingarstefna tilgreindrar séreignar

Tilgreind séreign er sú tegund séreignarsparnaðar sem byrjað var að bjóða 1. júlí 2017 en hún býðst sjóðfélögum sem eiga aðild að kjarasamningum ASÍ og SA. Í þessari fjárfestingarleið gefst viðkomandi sjóðfélögum kostur á að ráðstafa að öllu leyti eða hluta því iðgjaldi sem er umfram 12% skylduframlag.

Að svo stöddu er einungis ein sparnaðarleið í boði fyrir tilgreinda séreign og má sjá fjárfestingarstefnu hennar í töflu neðst á bls. 28. Þar sem um nýja fjárfestingarleið er að ræða hefur sjóðurinn áskilið sér rétt til að ná settu markmiði um eignasamsetningu leiðarinnar yfir 12 mánaða tímabil. Í ljósi þess voru vikmörk hvers eignaflokks fyrir sig skilgreind rúmlega í upphafi en verða þrengd eftir því sem tilefni gefast. Fjárfestingarstefna leiðarinnar byggist fyrst og fremst á langtímamarkmiði í ávöxtun og mun eignasamsetning hennar þar af leiðandi endurspeglar samtryggingardeild Birtu að mestu leyti hvað eignaflokka og vægi þeirra varðar.

## Fjárfestingarstefna séreignardeildar

Séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs býður þrjár mismunandi sparnaðarleiðir en þær eru innlánsleið, skuldabréfaleið og blönduð leið. Sjóðfélagar geta nýtt sér eina eða fleiri leiðir samtímis. Við val á sparnaðarleið er skynsamlegt að taka mið af aldri, eignastöðu og

viðhorfi til áhættu auk þess sem sérstakar aðstæður hvers og eins geta skipt máli.

## Innlánsleið

Innlánsleiðin er öruggasta sparnaðarleiðin sem Birta býður, enda stefnt að því að halda sveiflum í ávöxtun í lágmarki. Þessi sparnaðarleið er ávöxtuð að mestu leyti á verðtryggðum innlánsreikningum bankastofnana. Leiðin hentar þeim vel sem vilja öryggi. Höfuðstóllinn heldur verðgildi sínu en vextirnir eru breytilegir og að jafnaði þeir hæstu sem bjóðast á bundnum innlánnum á hverjum tíma. Þar sem innlánsleiðin er áhættulítill er vænt ávöxtun hennar að sama skapi minni til lengri tíma litið.

## Skuldabréfaleið

Í skuldabréfaleið er lögð áhersla á verðtryggð skuldabréf sem að jafnaði gefa góða og stöðuga ávöxtun til lengri tíma. Útgefendur skuldabréfanna eru að miklu leyti ríki og sveitarfélög. Í skuldabréfum felast loforð um fastar greiðslur í framtíðinni en ávöxtunin stjórnast af markaðsvöxtum bréfa sem keypt eru inn í skuldabréfasafnið. Hafa verður í huga að miklar og snöggar breytingar á ávöxtunarkröfu á markaði geta leitt tímabundið til sveiflna í ávöxtun þar sem verð bréfanna tekur mið af breytingum á markaðsvöxtum.

## FJÁRFESTINGARSTEFNA - SKULDABRÉFALEIÐ

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5,0%	10,0%	0,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	50,0%	60,0%	40,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	12,0%	14,0%	10,0%
Sértryggð skuldabréf	5,0%	10,0%	5,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	20,0%	15,0%	25,0%
Skuldabréf fyrirtækja	8,0%	12,0%	4,0%
Innlend hlutabréf	0,0%	0,2%	0,0%
Erlend hlutabréf	0,0%	0,2%	0,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	100,0%		
Þar af eignir í erlendum gjaldmiðli	0,0%	15,0%	0,0%

# FJÁRFESTINGARSTEFNA

## FJÁRFESTINGARSTEFNA - BLÖNDUÐ LEIÐ

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3,0%	10,0%	0,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25,0%	35,0%	15,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,0%	6,0%	2,0%
Sértrygð skuldabréf	5,0%	10,0%	0,0%
Fasteignaveðtrygð skuldabréf	4,0%	6,0%	2,0%
Skuldabréf fyrirtækja	7,0%	12,0%	3,0%
Innlend hlutabréf	14,0%	20,0%	10,0%
Erlend hlutabréf	38,0%	45,0%	31,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	0,0%	1,0%	0,0%
Samtals	100,0%		
Þar af eignir í erlendum gjaldmiðli	40,0%	50,0%	31,0%

### Blönduð leið

Blandaða leiðin er áhættumesta sparnaðarleiðin sem Birta býður og þar má búast við sveiflukennndri ávöxtun. Á móti koma væntingar um góða langtímaávöxtun. Leiðin fylgir sambærilegri stefnu í fjárfestingum og samtryggingardeild Birtu, þ.e. blöndu af hlutabréfum

og skuldabréfum en hlutabréfahluti þessarar sparnaðarleiðar er með hærra hlutfall bréfa á erlendum mörkuðum.

Sjóðfélögum er vilja kynna sér fjárfestingarstefnu sparnaðarleiða sjóðsins ítarlega er bent á upplýsingar á vefnum [birta.is](http://birta.is).



Jófríður K. Gísladóttir bakaranemi í Menntaskólanum í Kópavogi.

# REGLUVARSLA

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs ber á grundvelli 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að setja sjóðnum reglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Gildandi reglur eru byggðar á leiðbeinandi verklagsreglum Landssamtaka lífeyrissjóða um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðs með fjármálagerninga og skulu endurskoðaðar reglulega.

Stjórn sjóðsins skipar regluvörð til að stuðla að fylgni við reglurnar og svo leita megi til hans eftir ráðgjöf og leiðbeiningum í tengslum við þær lagakröfur sem gerðar eru til sjóðsins sem fagfjárfestis á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Lögfræðingur sjóðsins gegnir stöðu regluvarðar fyrir sjóðinn á grundvelli sérstaks erindisbréfs og staðgengill hans er áhættustjóri sjóðsins. Regluvörður skal njóta sjálfstæðis í störfum sínum og er hann í því skyni skipaður af stjórn. Á reglulegum fundum regluvarðar með framkvæmdastjóra, áhættustjóra og forstöðumanni skrifstofu- og rekstrarsviðs sjóðsins eru reglur, verklag og ferlar yfirfarnir og þau mál sem upp koma hverju sinni könnuð og rædd. Regluvörður veitir árlega skýrslu um störf sín til stjórnar og oftar ef þörf krefur.

Meginverkefni regluvarðar sjóðsins er að hafa eftirlit með því að framfylgt sé gildandi reglum Birtu lífeyrissjóðs á hverjum tíma um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga. Þá skal regluvörður hafa eftirlit með því að Birta starfi í samræmi við þær reglur sem um starfsemina gilda og lúta að viðskiptum með skráða fjármálagerninga.

## Hlutverk regluvarðar

- Eftirlit með viðskiptum starfsmanna sem heyra undir reglurnar.
- Utanumhald og tilkynningar vegna tilkynningarskyldra viðskipta stjórnarmanna og starfsmanna sem reglurnar taka til.
- Eftirlit með uppfærslu lista yfir hagsmunatengda aðila.
- Eftirlit með því að stjórnarmenn eða starfsmenn séu skráðir innherjar eða fjárhagslega tengdir aðilar hjá útgefendum fjármálagerninga, þar sem það á við.
- Samskipti og skýrslugjöf vegna regluvörslu Birtu.
- Fræðsla til starfsmanna og stjórnarmanna eftir því sem þörf krefur.



Atli Pálmar Snorrason og Sigfús Þ. Leifsson nemar í bílamálun í Borgarholtsskóla.

# SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Birta lífeyrissjóður er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN Principles of Responsible Investment) og hefur verið allar götur frá því reglurnar voru fyrst settar árið 2006. Í því felst meðal annars að Birta horfir til umhverfislegra og félagslegra þátta við mat á fjárfestingum auk þess að horfa til þess hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í hafi sett sér reglur um góða stjórnarhætti. Nánari umfjöllun um reglurnar má nálgast á vefnum [unpri.org](http://unpri.org).

Hinn 1. júlí 2017 tóku gildi breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, þar á meðal að lífeyrissjóðum sé skylt að setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Birta lífeyrissjóður hefur á þeim grunni sem fyrir er, meðal annars með aðild að reglum Sameinuðu þjóðanna, haldið áfram að móta siðferðisleg viðmið sín. Þannig kallar sjóðurinn nú eftir því hvort fyrirtæki sem fjárfest er í hafi sett sér stefnu um samfélagsábyrgð.

Í eigendastefnu sjóðsins er að finna nánari útlistun á því hvernig Birta beitir áhrifum sínum sem virkur þátttakandi á innlendum verðbréfamarkaði. Eigendastefnuna má sjá í heild sinni á vefnum [birta.is](http://birta.is).

## Samskipta- og siðareglur

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs samþykkti samskipta- og siðareglur fyrir sjóðinn 29. september 2017. Reglurnar ramma inn samskipti stjórnar og starfsmanna við aðila á fjármagnsmarkaði.

Í nýju reglunum er að finna ákvæði þess efnis að starfsmenn og stjórnarmenn skuli halda utan um og vera reiðubúnir að gefa upplýsingar um gjafir og risnu sé eftir því kallað af hálfu innri eða ytri eftirlitsaðila sjóðsins.



Margrét Sharmaine Ólafsdóttir nemi í bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla.



# STJÓRNHÁTTAYFIRLÝSING VEGNA ÁRSINS 2017

Birta lífeyrissjóður starfar samkvæmt samþykktum sem samþykktar eru á ársfundi og staðfestar af fjármálaráðuneytinu í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME) og starfsemi hans er starfsleyfis skyld en sjóðurinn varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs og tók til starfa 1. desember 2016. Lífeyrissjóðir með fullgilt starfsleyfi eru skilgreindir sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. staflíð b í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

## Lög, reglur og leiðbeinandi viðmið

Lög, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli og reglur FME sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir flípanum *Réttarheimildir*.

Samþykktir Birtu og leiðbeinandi viðmiðunarreglur sem sjóðurinn fylgir má finna á vefnum birta.is undir flípanum *Um sjóðinn/stjórn*. Þar má m.a. finna, eigendastefnu og reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar auk fjárfestingarstefnu og áhættustefnu.

Stjórn sjóðsins hefur jafnframt sett sér starfsreglur, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna, reglur um fjárfestingar og reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og eru þær hluti af innri reglum sjóðsins.

## Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringarkerfa

Samkvæmt 8. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs m.a. að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Skv. reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða er innra eftirlit skilgreint þannig:

*„Sérhver aðgerð af hálfu stjórnenda, stjórnar og starfsmanna til að stýra áhættu og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur fyrirtækis eða stofnunar. Stjórnendur undirbúa, skipuleggja og stjórna þeim aðgerðum sem þörf er á innan fyrirtækis eða stofnunar til að veita hæfilega vissu fyrir að settum markmiðum verði náð.“*

Innra eftirlit sjóðsins birtist m.a. í verklagsreglum sjóðsins og innri ferlum sem gilda um alla þætti í starfsemi hans, þ.m.t. bókhald, iðgjöld, lífeyri, veðskuldabréf, eignastýringu, rekstur og skjlastjórnun.

Regluvörður sjóðsins hefur eftirlit með víðskiptum stjórnarmanna og stjórnenda Birtu með fjármálagerninga. Auk þess heldur hann utan um upplýsingar um eignarhald þeirra í félögum og trúnaðarstörf þeirra fyrir félög.

Skv. 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs að setja áhættustefnu og móta eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins.

Um áhættustýringu lífeyrissjóða gilda ákvæði laga og reglugerða, þ.m.t. reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Á grundvelli þessa hefur Birta sett sér áhættustefnu þar sem skilgreind er áhætta sem fylgir starfsemi.

Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins á bls. 22 í ársskýrslu og í skýringu 19 í ársreikningi.

## Samsetning og starfsemi stjórnar, fjárfestingarráðs og nefnda

### Stjórn

Sjá bls. 6 í ársskýrslu 2017. Um starfsemi stjórnar vísast einkum til laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### Fjárfestingarráð Birtu lífeyrissjóðs

Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringarsviðs

Loftur Ólafsson, starfsmaður í eignastýringu

Stefán Birgisson, starfsmaður í eignastýringu

Áheyrnarfulltrúi: Eyrún Einarsdóttir áhættustjóri

Meginhlutverk fjárfestingarráðs er að fjalla um þá þætti í starfsemi sjóðsins er lúta að fjárfestingum.

### Endurskoðunarnefnd

Sjá bls. 7 í ársskýrslu. Um starfsemi endurskoðunarnefndar vísast til IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórnkerfi Birtu lífeyrissjóðs, líkt og annarra lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði, endurspeglar þá áherslu í kjarasamningum um lífeyrismál að rekstur og gæsla sjóðanna sé á sameiginlegri ábyrgð atvinnurekenda og launamanna. Stjórnir sjóðanna eru ávallt skipaðar fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og fulltrúar þessara aðila skiptast á að hafa á hendi formennsku í stjórninni.

Fulltrúaráð Birtu lífeyrissjóðs hefur stigið skref í þá átt að auka gagnsæi í stjórnkerfi sjóðsins sem grundvallast á hugmyndum aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun á kjarasamningi um lífeyrismál. Er þetta gert m.a. með skipan valnefndar launamanna og nefndar um laun stjórnarmanna en sú nefnd er á sameiginlegu forræði atvinnurekenda og launamanna. Fulltrúaráð launamanna hefur jafnframt á að skipa kjörnefnd og stjórn fulltrúaráðs.

## Valnefnd

Í grein 5.8 í samþykktum Birtu lífeyrissjóðs segir að fulltrúaráð launamanna skuli skipa valnefnd sem hafi þann yfirlýsta tilgang að tryggja góða stjórnarhætti við stjórn sjóðsins og tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Valnefnd er fjögurra manna en að öðru leyti er kveðið á um skipan og starfsemi hennar í sérstökum starfsreglum sem fulltrúaráð launamanna samþykkir. Valnefnd launamanna var kjörin á fulltrúaráðsfundi launamanna 26. apríl sl. til þriggja ára en hún fær það hlutverk að tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins sem fulltrúaráð greiðir atkvæði um á kjörfundi fyrir ársfund 2018. Í bígerð er jafnframt að fulltrúar atvinnurekenda skipi samskonar valnefnd sem hafi sambærilegt hlutverk við tilnefningu fulltrúa í stjórn sjóðsins.

## Nefnd um laun stjórnarmanna

Í grein 6.6 í samþykktum Birtu lífeyrissjóðs segir að nefnd um laun stjórnarmanna skuli undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn sjóðsins tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðsins.

Nefnd um laun stjórnarmanna er fjögurra manna, skipuð tveimur fulltrúum atvinnurekenda og tveimur fulltrúum launamanna. Hún var kjörin á aukaársfundum Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 29. september 2016 til þriggja ára og kjörið staðfest á stofnfundi Birtu lífeyrissjóðs.

## Kjörnefnd og stjórn fulltrúaráðs

Auk tveggja framangreindra nefnda hefur fulltrúaráð launamanna Birtu lífeyrissjóðs á að skipa sérstakri kjörnefnd auk stjórnar fulltrúaráðs. Samkvæmt grein 5.1 skulu fulltrúar launamanna kjörnir á sérstökum kjörfundi. Hlutverk kjörnefndar er að annast framkvæmd kosninga til stjórnar og úrskurða í mögulegum ágreiningsmálum er varða framkvæmdina.

Kjörnefnd er skipuð þremur fulltrúum til þriggja ára, kjör hennar var staðfest á fulltrúaráðsfundi launamanna 26. apríl 2017. Stjórn fulltrúaráðsins er á forræði og ábyrgð fulltrúaráðs, sem og aðrar nefndir fulltrúaráðs, þ.e. kjörnefnd, nefnd um laun stjórnarmanna og valnefnd. Stjórn fulltrúaráðsins og nefndirnar setja sérstakar starfsreglur sem staðfestar eru á kjörfundi.

# STARFSKJARASTEFNA

## 1. gr. Markmið starfskjarastefnu

Starfskjarastefna Birtu lífeyrissjóðs er mótuð af stjórn og tekin fyrir á ársfundi í samræmi við gr. 5.7 og gr. 6.5 í samþykktum sjóðsins.

Stefnunni er ætlað að treysta markmið stjórnar um framúrskarandi þjónustu við sjóðfélaga og árangursríkan rekstur til langtíma.

Það er stefna stjórnar að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf starfskjör, sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur í starfi. Það er trú stjórnar að með því verði Birta lífeyrissjóður eftirsóknarverður starfsvettvangur framúrskarandi starfsmanna. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna lífeyrissjóðsins.

## 2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skulu greidd laun í samræmi við ákvörðun ársfundar. Sérstök nefnd um laun stjórnarmanna skal skv. gr. 6.6 í samþykktum sjóðsins, undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs. Skal fulltrúaráð skipa nefndina fjórum fulltrúum til þriggja ára. Skal vera jafnt hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni.

Lífeyrissjóðurinn greiðir ferðakostnað og dagpeninga vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

## 3. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi sem staðfestur er af stjórn sbr. 1. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skuldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Föst laun og aðrar greiðslur skulu vera sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur í starfi.

Í ráðningarsamningi skal tiltaka önnur starfskjör sem tíðkanleg eru í hliðstæðum störfum. Þar skal kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Starfskjör framkvæmdastjóra skal endurskoða

árlega. Við slíka endurskoðun skal höfð hliðsjón af frammistöðu, þróun launakjara á markaði og afkomu lífeyrissjóðsins.

Við gerð ráðningarsamnings framkvæmdastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

## 4. gr. Starfskjör lykilstarfsmanna

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirætlunum sem sjóðstjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður lykilstarfsmenn og skal við slíkar ákvarðanir gæta samráðs við formann og varaformann stjórnar á hverjum tíma. Við ákvörðun starfskjara lykilstarfsmanna skal gætt sömu sjónarmiða og fram koma í 1. gr. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

## 5. gr. Aðrir starfsmenn

Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skal taka mið af ofangreindum reglum eftir því sem við á að höfðu samráði við forstöðumann skrifstofu- og rekstrarsviðs.

## 6. gr. Árangurstengingar launa

Starfskjör starfsfólks Birtu eru ekki árangurstengd.

## 7. gr. Upplýsingagjöf

Í ársreikningi skal stjórn gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og þeirra lykilstarfsmanna sem falla undir ákvæði reglugerðar um ársreikninga lífeyrissjóða á hverjum tíma. Upplýsa skal um heildarférhæð greiddra launa á árinu og launa frá fyrra ári.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu sjóðsins.

## 8. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna lífeyrissjóðsins skal tekin til afgreiðslu á hverjum ársfundi og skal hún og borin undir hann til samþykktar eða synjunar. Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna milli ársfunda og skulu breytingar á stefnunni þá lagðar fyrir ársfund til samþykktar. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir lífeyrissjóðinn, stjórn hans og framkvæmdastjóra. Ef stjórn lífeyrissjóðsins vikur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók sjóðsins. Stjórnin skal greina frá frávikum og ástæðum þeirra á næsta ársfundi sjóðsins.

Samþykkt á ársfundi Birtu lífeyrissjóðs 9. maí 2017.

Samþykkt óbreytt á stjórnarfundi sjóðsins 5. apríl 2018.





**ÁRSREIKNINGUR 2017**

# EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	39-41
Áritun óháðs endurskoðanda .....	42-43
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	
til greiðslu lífeyris árið 2017 .....	44
Efnahagsreikningur 31. desember 2017 .....	45
Sjóðstreymi árið 2017 .....	46
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	
samtryggingardeildar .....	47
Skýringar .....	48-80
Kennitölur .....	81-84
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	
til greiðslu lífeyris 2017 .....	85
Efnahagsreikningur 31. desember 2017 .....	86
Sjóðstreymi árið 2017 .....	87
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	
til greiðslu lífeyris árið 2017 .....	88
Efnahagsreikningur 31. desember 2017 .....	89
Sjóðstreymi árið 2017 .....	90

Myndin í opnunni á undan:

*Bifvélavirkjanemar og kennari þeirra í Borgarholtsskóla: Arndís Lilja Þórisdóttir,  
Guðrún Svava Gomez, Hreinn Óskarsson kennari og Jökull Ingi Erlendsson.*

# SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

## Starfsemi sjóðsins

Birta lífeyrissjóður starfar á grundvelli samþykktar og samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarfélaganna og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995. Birta lífeyrissjóður varð til með samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs sem samþykktur var á aukaársfundum sjóðanna hinn 29. september 2016 og tók gildi þann 1. desember 2016. Sameiningu sjóðanna er lokið og nam kostnaður vegna sameiningar 17,6 m.kr. á árinu 2017. Hlutverk Birtu lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Sjóðurinn starfar í þremur aðaldeildum, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Um áramót áttu 101.941 einstaklingar réttindi í samtryggingardeild. Á árinu 2017 greiddu 18.789 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar og 5.359 launagreiðendur. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, voru 15.882. Á árinu 2017 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 14.518 m.kr. Í árslok 2017 áttu 29.054 einstaklingar réttindi í séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild á árinu 2017 voru 2.349. Á árinu 2017 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 814 m.kr. sem er hækkun um 11% frá fyrra ári. Í árslok 2017 áttu 1.269 einstaklingar réttindi í tilgreindri séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild á árinu 2017 voru 580. Á árinu 2017 námu iðgjaldagreiðslur til tilgreindrar séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur 80 m.kr.

## Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Á árinu nutu 12.944 lífeyrisþegar að meðaltali lífeyrisgreiðslna úr samtryggingardeild að fjárhæð 9.508 m.kr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 7,3% á árinu. Lögbundið framlag sjóðsins til starfsendurhæfingarsjóðs nam 101,6 m.kr. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 633 m.kr. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, nam 65,5% samanborið við 69,2% árið áður.

## Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 23.434 m.kr. samanborið við 3.016 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnumarkostnaður nam 763 m.kr. samanborið við 762 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,22% en það er sama hlutfall og árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu var 30 og nam heildarfjárhæð launa 432 m.kr., þar af voru launatengd gjöld 76,7 m.kr.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 334.321 m.kr. í árslok samanborið við 307.405 m.kr. árið áður. Hrein eign séreignardeildar nam 13.721 m.kr. samanborið við 12.747 m.kr. árið áður. Hrein eign tilgreindrar séreignar nam 80 m.kr. í árslok. Samanlagðar eignir samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar námu því 348.122 m.kr. í árslok en 320.152 m.kr. í árslok 2016.

## Ávöxtun

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2017 var 7,02% sem samsvarar 5,20% raunávöxtun samanborið við -1,35% raunávöxtun á árinu 2016. Meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu 5 ára er 4,86% og síðustu 10 ára 0,48%.

## Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2017 sýnir að heildarskuldbindingar sjóðsins voru 3,44% umfram heildareignir en voru 4,09% umfram heildareignir í árslok 2016. Við úttektina er miðað við að ávöxtun eigna sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu má sjá í sérstöku yfirliti í ársreikningi og í skýringu 16.

# SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu sjóðsins.

## Stjórnarhættir og áhættustýring

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja gildandi "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja". Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands [www.vi.is](http://www.vi.is). Sjóðurinn fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum og hefur samkvæmt samþykktum skipulagt sérstakar valnefndir. Stjórnarháttayfirlýsing sjóðsins felur hins vegar hvorki í sér greiningu á umhverfis- og félagslegum þáttum, né upplýsingar um helstu þætti í árangursmati stjórnar. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í sérstakri yfirlýsingu stjórnar sem er fylgirit með ársreikningi þessum.

Sjóðurinn hefur sett sér sérstaka áhættustefnu sem staðfest er af stjórn og er hún aðgengileg á vef lífeyrissjóðsins. Markmið hennar er að auka öryggi í starfsemi sjóðsins. Stefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í leiðum til að greina, meta, vakta og stýra áhættu í rekstri sjóðsins. Áhætta í starfseminni er skilgreind til samræmis við skilgreiningu í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn skilgreinir. Sjá nánar í skýringu 19 í ársreikningnum.

Markmið með áhættustýringu Birtu lífeyrissjóðs er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

## Upplýsingastarf

Birta lífeyrissjóður birtir tímanlega fyrir ársfund sjóðsins auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og ársreikningi fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum hálfárslega yfirlit yfir móttekin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrisréttindum. Á ársfundi sjóðsins á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Á aukaársfundi vegna tilgreindrar séreignar í lok júní 2017 var m.a. gerð grein fyrir þeim efnisbreytingum sem nýjar samþykktir Birtu lífeyrissjóðs höfðu í för með sér. Á vefsíðu Birtu lífeyrissjóðs má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn hefur markað þá stefnu að mikilvægi samfélagslegs hlutverks sjóðsins er haft að leiðarljósi í starfsemi hans. Við fjárfestingarárskvarðanir er gætt að því að fyrirtæki fylgi viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn hefur sett sér samskipta- og siðareglur sem er m.a. ætlað að sporna við spillingar- og mútumálum. Stefna sjóðsins um samfélagslega ábyrgð er að öðru leyti mörkuð í eigenda- og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðurinn er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og birtir þær reglur í íslenskri þýðingu á heimasíðu sjóðsins.

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér mannauðsstefnu sem endurspeglar umhverfi er styður við markmið starfsmanna og sjóðsins. Stefnunni er ætlað að hlúa að góðu starfsumhverfi sem stuðlar að framþróun, árangri og ánægju ásamt því að laða að öflugum einstaklinga sem sjóðurinn vill hafa í sínum röðum. Mannauðsstefna Birtu er rýnd árlega af stjórnendum og starfsmönnum. Í árlegri viðhorfskönnun er lagt mat á árangur og í framhaldi unnið með þá þætti sem betur mega fara. Í árlegum starfsmannasamtölum eru árangur og eftirfylgni rædd og metin og lagðar línur fyrir komandi tíma. Á reglulegum starfsmannafundum eru starfsmenn upplýstir, fjallað er um stöðu mála og framgang þeirra.



# SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

## Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Gjaldeyrishöft hafa haft takmarkandi áhrif á fjárfestingarstarfsemi sjóðsins undangengin ár. Seðlabanki Íslands rýmkaði heimildir sjóðsins til fjárfestinga erlendis á starfsárinu og hefur að fullu opnað fyrir frjálst flæði fjármagns úr landinu. Verulega hefur því dregið úr óvissu í ytra umhverfi sjóðsins. Sjóðurinn býr eftir sem áður við ákveðna óvissu í ytra umhverfi og mætir henni m.a. með áhættustýringu sem ætlað er að draga úr áhættu sem tengist óvissunni, sjá skýringu 19.

## Væntanleg þróun sjóðsins og framtíðarhorfur


Birta lífeyrissjóður mun eftir sem áður leitast við að ávaxta eignir í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins sem aðgengileg er á heimasíðu sjóðsins. Með fyrrgreindri sameiningu á síðasta starfsári og hækkun iðgjalds hefur lífeyrisbyrði lækkað nokkuð og ráðgert er að sú þróun haldi áfram. Með afnámi gjaldeyrishafta eykst geta sjóðsins til að dreifa áhættu á erlenda markaði.

Stjórn og framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík 5. apríl 2018.

Í stjórn Birtu lífeyrissjóðs

  
Jón Bjarni Gunnarsson  
formaður

  
Þorbjörn Guðmundsson  
varaformaður

  
Davíð Hafsteinsson

  
Drífa Sigurðardóttir

  
Guðrún Jónsdóttir

  
Gylfi Ingvarsson

  
Ingibjörg Ólafsdóttir

  
Jakob Tryggvason

  
Unnur María Rafnsdóttir

  
Viðar Örn Traustason

  
Ólafur Sigurðsson  
framkvæmdastjóri

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Birtu lífeyrissjóðs

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Birtu lífeyrissjóðs fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017, breytingu á handbæru fé á árinu 2017 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2017 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík 5. apríl 2018.

PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn Kristinsson

löggiltur endurskoðandi

# YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2017

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	Skýr.	2017	2016
<b>IÐGJÖLD</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga		4.867.829	4.367.450
Iðgjöld launagreiðenda		10.558.308	9.037.188
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(38.050)	(103.541)
		15.388.087	13.301.096
Sérstök aukaframlög	3	155.169	174.938
		15.543.256	13.476.034
<b>LÍFEYRIR</b>			
	4		
Heildarfjárhæð lífeyris		10.141.129	9.217.456
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		101.597	100.936
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		1.515	5.037
		10.244.241	9.323.429
<b>HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR</b>			
	5		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1	11.801.125	(6.888.265)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.3	11.486.185	10.107.539
Hreinar tekjur af afleiðusamningum		(26.409)	0
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		137.650	195.828
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		122.480	(266.689)
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		108.823	91.188
Ýmsar fjárfestingartekjur	6	69.844	89.593
Fjárfestingargjöld	7	(265.555)	(312.781)
		23.434.143	3.016.412
<b>REKSTRARKOSTNAÐUR</b>			
	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		745.418	689.325
Sameiningarkostnaður		17.602	72.680
		763.020	762.005
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		27.970.138	6.407.012
Hrein eign frá fyrra ári		320.152.350	313.745.338
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils</b>		<b>348.122.488</b>	<b>320.152.350</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2017

## Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

EIGNIR	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
<b>FJÁRFESTINGAR</b>			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	138.031.208	129.273.761
Skuldabréf	10	197.167.882	179.166.096
Bundnar bankainnstæður		4.007.952	4.588.662
Aðrar fjárfestingar	11	164.060	382.646
		<b>339.371.102</b>	<b>313.411.164</b>
<b>KRÖFUR</b>			
Kröfur á launagreiðendur	12	2.128.564	1.664.675
Aðrar kröfur		470.715	175.143
		<b>2.599.278</b>	<b>1.839.818</b>
<b>ÝMSAR EIGNIR</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	35.659	164.829
Handbært fé		6.544.139	5.595.423
		<b>6.579.798</b>	<b>5.760.252</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>348.550.178</b>	<b>321.011.235</b>
<b>SKULDIR</b>			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	14	88.620	93.979
Aðrar skuldir	15	339.070	764.905
		<b>427.691</b>	<b>858.885</b>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils</b>		<b>348.122.488</b>	<b>320.152.350</b>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris greinist þannig</b>			
Samtryggingardeild		334.321.422	307.405.489
Séreignardeild		13.721.118	12.746.861
Tilgreind séreignardeild		79.948	0
		<b>348.122.488</b>	<b>320.152.350</b>

Skuldbindingar utan efnahags

17

# SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2017

## Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	2017	2016
<b>INNGREIÐSLUR</b>		
Iðgjöld	15.000.944	12.813.223
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	363.036	289.612
Aðrar inngreiðslur	220.101	550.532
	<b>15.584.081</b>	<b>13.653.366</b>
<b>ÚTGREIÐSLUR</b>		
Lífeyrir	10.230.797	9.318.641
Rekstrarkostnaður	754.123	1.037.890
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	25.716	8.512
Aðrar útgreiðslur	243.083	387
	<b>11.253.719</b>	<b>10.365.430</b>
<b>Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga</b>	<b>4.330.362</b>	<b>3.287.936</b>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	2.396.743	2.881.577
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(24.101.189)	(25.216.225)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	24.516.307	20.427.037
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	22.418.856	27.880.462
Keypt skuldabréf	(42.098.877)	(43.212.826)
Seld skuldabréf	12.427.000	11.910.116
Uppgjör afleiðusamninga	0	(2.052.229)
Ný bundin innlán	(783.650)	(2.705)
Endurgreidd bundin innlán	933.532	283.577
Seldar aðrar fjárfestingar	932.083	476.174
	<b>(3.359.194)</b>	<b>(6.625.042)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	971.168	(3.337.106)
Gengismunur af handbæru fé	(22.452)	(437.648)
Handbært fé í upphafi árs	5.595.423	9.370.177
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>6.544.139</b>	<b>5.595.423</b>

# YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR

EIGNIR	Skýr.	31.12.2017		Heildar- skuldbinding
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	
Hrein eign til greiðslu lífeyris		334.321.422	0	334.321.422
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa		1.429.559	0	1.429.559
Mismunur á bókf. verði og matsverði skráðra hlutabr.		(2.695.626)	0	(2.695.626)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		(2.526.086)	0	(2.526.086)
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar		(6.588.226)	(7.055.092)	(13.643.318)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	189.170.841	189.170.841
		<b>323.941.042</b>	<b>182.115.750</b>	<b>506.056.792</b>

## SKULDBINDINGAR

Ellilífeyrir		294.595.518	149.918.999	444.514.517
Örorkulífeyrir		24.084.674	17.207.955	41.292.629
Makalífeyrir		25.441.932	9.171.802	34.613.735
Barnalífeyrir		312.872	1.666.123	1.978.995
Fjölskyldulífeyrir		0	1.707.167	1.707.167
		<b>344.434.996</b>	<b>179.672.046</b>	<b>524.107.042</b>
Eignir umfram skuldbindingar	16	(20.493.954)	2.443.704	(18.050.250)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(7,59%)	3,12%	(4,09%)
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í lok tímabils</b>		<b>(5,95%)</b>	<b>1,36%</b>	<b>(3,44%)</b>

EIGNIR	Skýr.	31.12.2016		Heildar- skuldbinding
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	
Hrein eign til greiðslu lífeyris		307.405.489	0	307.405.489
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa		4.862.376	0	4.862.376
Mismunur á bókf. verði og matsverði skráðra hlutabr.		(1.973.672)	0	(1.973.672)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		(7.331.594)	0	(7.331.594)
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar		(3.879.370)	(3.868.882)	(7.748.252)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	165.761.884	165.761.884
		<b>299.083.229</b>	<b>161.893.002</b>	<b>460.976.231</b>

## SKULDBINDINGAR

Ellilífeyrir		275.759.463	130.373.654	406.133.117
Örorkulífeyrir		22.927.710	15.625.431	38.553.142
Makalífeyrir		24.637.546	7.851.807	32.489.353
Barnalífeyrir		308.697	1.591.449	1.900.145
Fjölskyldulífeyrir		0	1.554.272	1.554.272
		<b>323.633.417</b>	<b>156.996.613</b>	<b>480.630.030</b>
Eignir umfram skuldbindingar	16	(24.550.187)	4.896.389	(19.653.799)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(2,55%)	5,86%	0,00%
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í lok árs</b>		<b>(7,59%)</b>	<b>3,12%</b>	<b>(4,09%)</b>

# SKÝRINGAR

## 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Tilgreind séreignardeild byggist á kjarasamningum ASÍ og SA og var samþykktum sjóðsins breytt á aukaársfundi sjóðsins þann 22. júní 2017 til að heimila móttöku iðgjalds í tilgreinda séreignardeild. Heimilt var að ráðstafa hluta eða öllu iðgjaldi umfram 12% skylduframlag í tilgreinda séreign frá og með 1. júlí 2017. Tilgreind séreignardeild hefur eigin fjárfestingastefnu sem grundvallast á heimildum samtryggingardeildar til fjárfestinga.

Birta lífeyrissjóður er með aðsetur í Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

## 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

### 2.2 Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

### 2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning lífeyrissjóðsins:

- i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringu 9.
- ii) Tryggingafræðilega stöðu, sjá skýringu 16.

### 2.4 Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til bókar þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtryggingarsjóðs í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er einnig fært undir liðinn sérstök aukaframlög. Iðgjöld í séreignarsjóð eru færð til bókar þegar þau hafa verið greidd til sjóðsins. Óinnheimt iðgjöld eru færð til eignar með áföllnum vöxtum.



## 2.5 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstur sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 7 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 5.2 má sjá breytingar á gangvirði 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

### b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 7 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknunir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

### c) Aðrar fjárfestingartekjur

Undir liðinn ýmsar fjárfestingartekjur falla m.a. tekjur af fullnustueignum sjóðsins.

### d) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknunir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu 7 er greint frá áætlaðri umsýsluþóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfa- og framtakssjóðum.

## 2.6 Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður starfsmanna sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Frá rekstrarkostnaði dregst þóknun til sjóðsins vegna innheimtu gjalda fyrir stéttarfélög.

## 2.7 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainnstæðum og öðrum fjárfestingum.

Við kaup er flokkun fjárfestinganna ákveðin og við hver reikningsskil er metin þörf á hvort að endurmeta beri flokkun sjóðsins á fjárfestingum sínum.

### a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldin eru til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréfaeign, sem ákveðið hefur verið að halda til gjalddaga, eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu 18. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um þrepaskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

### b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

# SKÝRINGAR

## c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu 18 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

## d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga í árslok.

## e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður eru færð innlán í bönkum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða en sjóðurinn horfir á þessar bankainnstæður sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

## f) Aðrar fjárfestingar

Undir aðrar fjárfestingar eru færðar allar fjárfestingar sem ekki falla undir liði sem taldir eru upp hér að ofan. Hér eru meðal annars færðar húseignir og lóðir sem teknar voru yfir til fullnustu greiðslu. Í skýringu 11 er gerð nánari grein fyrir þessum lið.

## 2.8 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar í afskriftarrekning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Afskriftin er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

## 2.9 Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og greinast þannig: Fasteign sjóðsins er afskrifuð um 2% og aðrar eignir eru afskrifaðar um 10-33%.

## 2.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

## 3. SÉRSTÖK AUKAFRAMLÖG

	2017	2016
Aukafjárframlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	155.169	174.938

# SKÝRINGAR

## 4. LÍFEYRIR

Greiddur lífeyrir greinist þannig:	2017	2016
Ellilífeyrir	7.365.220	6.570.636
Örorkulífeyrir	1.282.774	1.239.875
Makalífeyrir	789.132	786.229
Barnalífeyrir	70.891	65.029
Samtals úr samtryggingardeild	9.508.017	8.661.769
<b>Lífeyrir úr séreignardeild greinist þannig:</b>		
Lífeyrir	385.639	297.268
Ráðstöfun iðgjalda í séreign samkvæmt lögum nr. 40/2014	247.474	258.420
Samtals úr séreignardeild	633.113	555.687
<b>Heildarfjárhæð lífeyris</b>	<b>10.141.129</b>	<b>9.217.456</b>

### Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris:

Kostnaður vegna örorkumats	5.702	1.671
Umsjónarnefnd eftirlauna	(2.494)	(2.933)
Annar beinn kostnaður	(1.693)	6.299
	1.515	5.037

## 5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

### 5.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Hreinar tekjur í viðk. mynt	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2017	Samtals 2016
Innlend hlutabréf og sjóðir	1.958.105	119	1.958.225	1.137.320
Erlend hlutabréf	1.378.699	(379.582)	999.117	(1.317.587)
Innlend hlutdeildarskírteini	1.079.026	0	1.079.026	87.983
Erlend hlutdeildarskírteini	10.008.340	(2.243.583)	7.764.757	(6.795.981)
	14.424.170	(2.623.045)	11.801.125	(6.888.265)

# SKÝRINGAR

## 5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR, FRH.

### 5.2 Hreinar tekjur af 20 stærstu eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2017	Hreinar tekjur* samtals 2017	Hreyfingar**	Bókfært verð 31.12.2016	Hreinar tekjur* samtals 2016
Vanguard Global Stock Index	10.544.314	802.012	2.853.608	6.888.695	(359.805)
Marel hf.	9.776.649	2.676.942	(775.939)	7.875.646	(272.051)
Icelandair Group hf.	5.131.654	(2.799.679)	185.515	7.745.818	(3.796.417)
Vanguard European Stock Index	5.115.813	410.842	3.187.878	1.517.093	(177.759)
Vanguard Emerging Market Fund	4.549.663	744.392	1.933.672	1.871.599	(49.595)
Össur hf.	4.524.865	691.818	(694.211)	4.527.258	(962.632)
Vanguard US 500 Stock Index	4.248.036	454.756	0	3.793.281	(84.399)
UBS Lux Money Market USD	3.870.060	(576.408)	388.925	4.057.543	(281.039)
Schroder QEP Global Quality Fund	3.119.765	285.249	13.253	2.821.264	(168.844)
SSgA Global Enhanced Equity Fund	2.658.695	92.240	2.566.455	0	0
Jupiter Global	2.587.873	532.085	0	2.055.789	(679.373)
Nordea Nordic Equity Fund	2.534.200	364.109	0	2.170.090	(442.739)
Blackrock Developed World Index	2.486.455	289.138	0	2.197.317	21.982
Hagar hf.	2.446.166	(1.185.949)	292.915	3.339.200	692.536
Framtakssjóður Íslands slhf.	2.362.363	937.638	(2.254.065)	3.678.790	503.480
Grandi hf.	2.248.295	496.289	873.570	878.437	(305.889)
Eik fasteignafélag hf.	2.215.802	(2.732)	(849.111)	3.067.645	868.767
Templeton Global	2.204.013	179.564	0	2.024.448	(192.435)
Eimskip hf.	2.001.486	(531.225)	84.888	2.447.824	746.575
Reginn hf.	1.896.437	(28.081)	(46.522)	1.971.040	505.742
	<u>76.522.607</u>	<u>3.833.001</u>	<u>7.760.830</u>	<u>64.928.775</u>	<u>(4.433.897)</u>

\* Hreinar tekjur samanstanda af innleystum og óinnleystum gangvirðisbreytingum, gjaldeyrisbreytingum og arðgreiðslum.

\*\* Hreyfingar samanstanda af kaupum, sölu og mótteknum arðgreiðslum.

# SKÝRINGAR

## 5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR, FRH.

### 5.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

Skuldabréf flokkuð sem haldið til gjalddaga	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2017	Samtals 2016
Ríkisskuldabréf	575.289	0	0	575.289	530.999
Íbúðalánasjóður	2.204.572	0	0	2.204.572	2.198.121
Önnur skuldabréf með ábyrgð ríkisins	155.864	(115.046)	0	40.818	(7.543)
Skuldabréf sveitarfélaga	594.508	0	18.617	613.126	478.892
Skuldabréf lánastofnana	65.393	0	0	65.393	98.800
Skuldabréf eignaleiga	21.139	0	0	21.139	0
Skuldabréf fyrirtækja	976.639	(90.681)	(595.243)	290.714	914.006
Sjóðfélagalán	1.361.293	0	232.464	1.593.757	860.003
Önnur veðlán	1.909.557	0	64.949	1.974.506	1.572.942
	7.864.255	(205.727)	(279.214)	7.379.314	6.646.220

Skuldabréf flokkuð á gangvirði	Gangvirðisbreyting	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2017	Samtals 2016
Ríkisskuldabréf	1.084.967	0	0	1.084.967	1.907.943
Íbúðalánasjóður	2.006.110	0	0	2.006.110	1.015.531
Skuldabréf sveitarfélaga	515.065	0	0	515.065	126.092
Skuldabréf lánastofnana	500.729	0	0	500.729	411.754
	4.106.871	0	0	4.106.871	3.461.319
<b>Samtals tekjur af skuldabr.</b>	11.971.126	(205.727)	(279.214)	11.486.185	10.107.539

## 6. ÝMSAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

	2017	2016
Tekjur vegna fullnustueigna	69.844	89.593

# SKÝRINGAR

## 7. FJÁRFESTINGARGJÖLD

	Bein fjárfestingar- gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar- gjöld	Fjárfestingar- gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar- gjalda alls af meðaleign
<b>Fjárfestingargjöld 2017</b>					
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	10.753	10.753	552.514	1,95%
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	0	4.323	4.323	311.178	1,39%
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða	0	175.632	175.632	9.807.473	1,79%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	413.613	413.613	54.789.910	0,75%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	305.132	305.132	12.360.994	2,47%
Kaup- og sölupóknar vegna verðbréfavíðskipta	56.651	0	56.651	-	-
Vörslupóknar	38.820	0	38.820	-	-
Umsýslupóknun vegna útvistunar eignastýringar	154.839	0	154.839	20.060.515	0,77%
Önnur fjárfestingargjöld	15.245	0	15.245	-	-
<b>Fjárfestingargjöld samtals</b>	<b>265.555</b>	<b>909.452</b>	<b>1.175.007</b>	<b>97.882.582</b>	

	Bein fjárfestingar- gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar- gjöld	Fjárfestingar- gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar- gjalda alls af meðaleign
<b>Fjárfestingargjöld 2016</b>					
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	15.369	15.369	909.314	1,69%
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	0	2.800	2.800	311.123	0,90%
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða	0	90.270	90.270	8.620.424	1,05%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	715.618	715.618	47.108.046	1,52%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	198.881	198.881	7.157.753	2,78%
Kaup- og sölupóknar vegna verðbréfavíðskipta	82.771	0	82.771	-	-
Vörslupóknar	45.320	0	45.320	-	-
Umsýslupóknun vegna útvistunar eignastýringar	118.809	0	118.809	22.001.630	0,54%
Önnur fjárfestingargjöld	65.881	0	65.881	-	-
<b>Fjárfestingargjöld samtals</b>	<b>312.781</b>	<b>1.022.939</b>	<b>1.335.720</b>	<b>86.108.289</b>	

# SKÝRINGAR

## 8. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld	432.342	420.479
Launakostnaður vegna sameiningar	0	(3.358)
Endurskoðun	15.684	17.214
Reikningshaldsþjónusta	3.250	1.061
Innri endurskoðun	4.684	8.042
Tryggingarstærðfræðingur	3.100	6.312
Lögfræðikostnaður	12.389	16.076
Almannatengsl og markaðsmál	11.466	1.741
Greiningar	463	8.514
Aðkeypt tölvuþjónusta	7.870	2.368
Rekstur upplýsingakerfa	150.075	133.600
Rekstur húsnæðis	41.838	33.781
Eftirlitsgjöld FME	22.365	27.131
Umboðsmaður skuldara	12.937	(6.474)
Afskriftir	10.931	4.773
Annar kostnaður	94.795	84.011
Endurgreiðslur vegna innheimtu fyrir stéttarfélög	(78.773)	(65.947)
	<u>745.418</u>	<u>689.325</u>
Beinn kostnaður vegna sameiningar	17.602	69.322
Launakostnaður vegna sameiningar	0	3.358
	<u>17.602</u>	<u>72.680</u>
	<u><u>763.020</u></u>	<u><u>762.005</u></u>

Starfsmenn sjóðsins voru að meðaltali 30,1 á árinu samanborið við 30,5 á árinu 2016.

# SKÝRINGAR

## 8. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR, FRH.

### Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og lykilstjórnenda sundurliðast þannig:

	2017	2016
<b>Stjórn</b>		
Jón Bjarni Gunnarsson, formaður	1.868	1.676
Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður	1.898	1.912
Davíð Hafsteinsson	1.115	1.187
Guðrún Jónsdóttir	1.115	1.201
Gylfi Ingvarsson	1.115	1.038
Ingibjörg Ólafsdóttir	1.115	1.187
Jakob Tryggvason	1.115	1.952
Unnur María Rafnsdóttir	1.115	1.038
Viðar Örn Traustason	1.115	1.187
Drífa Sigurðardóttir	905	1.117
Anna Guðný Aradóttir, fyrrv.	405	2.113
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir, fyrrv.	0	948
Svavar Jón Bjarnason, fyrrv.	0	385
Elfa Björg Aradóttir, fyrrv.	0	89
Varamenn	1.811	5.136
	<u>14.688</u>	<u>22.168</u>

### Endurskoðunarnefnd

María Sólbergdóttir, formaður endurskoðunarnefndar	1.680	840
Rósa Steingrímsdóttir	840	598
Viðar Örn Traustason, stjórnarmaður	840	1.680
Georg Páll Skúlason, fyrrv.	0	299
Guðrún Jónsdóttir, fyrrv.	0	163
Rúnar Bachmann, fyrrv.	0	840
	<u>3.360</u>	<u>4.421</u>



# SKÝRINGAR

## 8. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR, FRH.

Stjórnendur	2017	2016
Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri	23.818	21.511
Lögfræðingur og staðgengill framkvæmdastjóra	19.245	14.856
Áhættustjóri	17.634	14.643
Forstöðumaður eignastýringarviðs	20.601	14.770
Forstöðumaður fjárreiðusviðs	20.441	17.344
	<u>101.739</u>	<u>83.124</u>

Inni í launum stjórnenda eru hvers konar starfstengd hlunnindi, svo sem bifreiðahlunnindi og aukið mótframlag í séreignarsjóð. Laun fyrir störf sem viðkomandi stjórnandi gegnir í krafti eignaraðildar lífeyrissjóðsins sem og fyrir setu í nefndum og stjórnnum sem viðkomandi er tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðsins eru ekki inni í framangreindum fjárhæðum en þau eru:

Framkvæmdastjóri 1.293.516 kr. Forstöðumaður eignastýringarviðs 1.802.516 kr. Forstöðumaður fjárreiðusviðs 600.000 kr.

<b>Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins sundurliðast þannig:</b>	2017	2016
Endurskoðun, könnun og önnur staðfestingarvinna	15.684	14.807
Önnur þjónusta	770	2.407
	<u>16.455</u>	<u>17.214</u>

### **Þóknun til innri endurskoðanda sjóðsins sundurliðast þannig:**

Innri endurskoðun	4.684	7.441
Önnur þjónusta	0	602
	<u>4.684</u>	<u>8.042</u>

### **Þóknun til tryggingastærðfræðings sjóðsins sundurliðast þannig:**

Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	2.579	4.514
Önnur þjónusta	521	1.798
	<u>3.100</u>	<u>6.312</u>

# SKÝRINGAR

## 9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM

	2017	2016
<b>Innlend hlutabréf</b>		
Skráð bréf	36.511.209	42.063.832
Óskráð bréf og framtakssjóðir	10.459.498	14.224.944
	<u>46.970.707</u>	<u>56.288.776</u>
<b>Erlend hlutabréf</b>		
Skráð bréf	12.873.412	7.166.078
	<u>12.873.412</u>	<u>7.166.078</u>
<b>Innlend hlutdeildarskírteini</b>		
Hlutabréfasjóðir	555.682	542.060
Framtakssjóðir	235.303	525.988
Fasteignasjóðir	923.081	796.949
Skuldabréfasjóðir	850.789	811.790
	<u>2.564.856</u>	<u>2.676.787</u>
<b>Erlend hlutdeildarskírteini</b>		
Erlendir hlutabréfasjóðir	58.443.539	44.541.394
Framtakssjóðir	9.693.989	11.531.873
Fasteignasjóðir	168.942	309.604
Marksjóðir	130	530.950
Millilagslánaðir	638.238	790.600
Skuldabréfasjóðir	6.677.395	5.437.699
	<u>75.622.233</u>	<u>63.142.120</u>
<b>Eignarhlutir í félögum og sjóðum samtals</b>	<u>138.031.208</u>	<u>129.273.761</u>

# SKÝRINGAR

## 9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Skráð innlend hlutabréf	Eignarhluti	Kostn.verð*	2017	2016
Marel hf.	4,1%	3.652.536	9.776.649	7.875.646
Icelandair Group hf.	7,0%	4.575.387	5.131.654	7.745.818
Hagar hf.	5,8%	2.479.631	2.446.166	3.339.200
Grandi hf.	3,5%	2.011.328	2.248.295	878.437
Eik fasteignafélag hf.	6,3%	1.354.606	2.215.802	3.067.645
Eimskip hf.	4,0%	1.898.520	2.001.486	2.447.824
Reginn hf.	4,8%	1.024.564	1.896.437	1.971.040
Tryggingamiðstöðin hf.	8,1%	1.057.667	1.821.743	1.588.144
N1 hf.	6,3%	269.433	1.792.004	2.614.809
Síminn hf.	3,7%	1.109.243	1.491.171	1.129.926
Nýherji hf.	9,8%	451.680	1.208.253	1.093.623
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	3,8%	693.818	926.646	827.071
Fjarskipti hf.	4,4%	518.407	881.556	634.293
Reitir fasteignafélag hf.	1,3%	695.155	807.985	772.201
Vátryggingafélag Íslands hf.	2,8%	578.476	737.149	728.860
Hampiðjan hf.	2,8%	205.515	537.578	689.828
Skeljungur hf.	3,5%	461.881	497.633	38.015
Sláturfélag Suðurlands svf. (B hl.br.)	30,0%	151.080	93.000	94.194
Össur hf.		0	0	4.527.258
			<u>36.511.209</u>	<u>42.063.832</u>

\* Kostnaðarverð reiknast út frá meðalgengi keyptrá bréfa

# SKÝRINGAR

## 9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Óskráð félög og framtakssjóðir	Eignarhluti	Kostn.verð*	2017	2016
Framtakssjóður Íslands slhf.	14,4%	925.195	2.362.363	3.678.790
Jarðvarmi slhf.	8,5%	1.093.365	1.417.349	1.575.149
Eyrir Invest hf.	2,8%	1.053.526	1.301.144	1.076.352
Samkaup hf.	14,2%	501.306	820.555	501.296
Akur slhf.	10,0%	691.957	538.481	210.152
Heimavellir leigufélag slhf.	7,1%	322.000	442.552	381.086
Kjölfesta slhf.	20,0%	426.910	402.149	436.302
Fí Fasteignafélag slhf.	10,1%	166.479	385.982	159.834
Edda slhf.	8,0%	194.509	296.473	250.852
Eldey TLH hf.	23,8%	336.150	295.812	151.589
Frumtak 2 slhf.	10,2%	306.828	284.641	200.689
Bakkastakkur slhf.	10,9%	292.536	279.211	279.211
Eyrir Sprotar slhf.	10,0%	321.436	278.912	250.000
MF1 slhf.	10,0%	197.500	220.691	108.777
ALDA Credit Fund II slhf.	15,0%	220.000	220.000	0
ALDA Credit Fund slhf.	10,0%	151.000	172.306	162.174
Brunnur vaxtarsjóður slhf.	18,8%	249.750	170.554	142.424
S38 slhf.	5,1%	151.331	147.471	150.379
Frumtak slhf	4,9%	77.767	89.662	97.886
Íslensk verðbréf hf.	5,0%	63.927	63.942	63.395
Undirbúningsfélag Verðbréfamíðst.	10,0%	46.763	46.764	42.879
Innviðir fjárfestingar slhf.	10,0%	34.277	33.591	33.591
Reiknistofa lífeyrissjóða ehf.	22,6%	16.717	32.905	34.637
Crowberry Capital slhf.	10,0%	16.500	16.500	0
AO Fjárfestingarfélag slhf.	20,0%	15.950	15.950	15.950
BG12 slhf.	3,1%	245.223	10.187	14.312
Eignarh.félag lífeyrissjóða ehf.	17,9%	2.200	9.717	6.873
Sundaboginn slhf.	20,0%	19.990	5.997	19.990
Framtakssjóður Íslands GP ehf.	14,9%	959	1.075	676
Veðskuld II slhf.	19,9%	796	796	3.483.752
Vi hf.	9,8%	786	786	786
AO Fjárfestingarfélag GP hf.	15,0%	750	750	750
Eignarhaldsf. Sameinaða Isj.	100,0%	500	500	500
JarðvarmiGP ehf.	9,8%	408	349	346
Greiðslustofa lífeyrissjóða	23,1%	158	231	135
Gamli Byr Eignarhaldsfélag ehf.	2,4%	96	96	96
Sunnuvellir slhf.	20,0%	800	80	800
BG12 GP hf.	3,1%	123	33	123
Önnur félög og sjóðir undir 2% eignarhl.			92.940	692.413
			<b>10.459.498</b>	<b>14.224.944</b>

\* Kostnaðarverð reiknast út frá meðalgengi keyptrá bréfa

## 9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Erlend skráð hlutabréf	Eignarhluti	Kostn.verð*	2017	2016
Össur hf. dk	2,3%	1.700.600	4.524.865	0
NWF Group PLC	4,9%	557.522	547.822	585.977
Önnur hlutabréf undir 2% eignarhl.			7.800.724	6.580.101
			<u>12.873.412</u>	<u>7.166.078</u>
Eignarhlutar í félögum samtals			<u>59.844.119</u>	<u>63.454.854</u>

\* Kostnaðarverð reiknast út frá meðalgengi keyptrá bréfa

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	2017	2016
<b>Skráðir erlendir hlutabréfasjóðir</b>				
Vanguard Global Stock Index Fund	0,9%	9.630.188	10.544.314	6.888.695
Vanguard European Stock Index Fund	0,8%	4.944.477	5.115.813	1.517.093
Vanguard Emerging Market	0,4%	3.975.221	4.549.663	1.871.599
Vanguard US 500 Stock Index Fund	0,6%	3.055.219	4.248.036	3.793.281
Schroder QEP Global Quality	2,2%	2.059.911	3.119.765	2.821.264
SSgA Global Enhanced Equity Fund	3,1%	2.566.455	2.658.695	0
Jupiter Global	0,9%	2.246.384	2.587.873	2.055.789
Nordea Nordic Equity Fund	8,2%	2.240.048	2.534.200	2.170.090
Blackrock Developed World Index Fund	0,2%	2.174.292	2.486.455	2.197.317
Templeton Global Fund	1,4%	101.370	2.204.013	2.024.448
Skagen Global	0,9%	1.967.695	1.933.356	1.692.910
Katla Fund Global Value	6,4%	907.965	1.963.558	1.138.946
Janus - Intech US Core Fund	12,7%	(2.047.859)	1.709.154	1.525.265
Skagen Kon-Tiki	0,4%	1.398.951	1.497.491	921.851
Wellington Global Quality Growth	1,0%	1.256.915	1.460.253	1.207.899
Delphi Nordic	1,4%	1.148.524	1.158.807	1.022.719
DNB Norden	2,5%	1.148.439	1.136.810	994.252
MFS Meridian Funds - European Value Fund	0,1%	881.016	968.508	502.349
Sparinvest Global Value	2,6%	503.141	885.560	782.362
iShares Core S&P 500	0,0%	711.120	813.953	343.508
Templeton Growth Fund	0,1%	331.482	764.575	700.979
Schroder Global EM Opportunities	0,6%	518.208	637.388	488.058
iShares MSCI USA - B UCITS ETF	1,0%	429.589	560.157	746.073
Credit Suisse Lux Gl. Em. M. ILC Equity Fund	1,7%	436.936	488.739	0
Schroder Japanese Equity	0,1%	(134.931)	440.948	362.389
Vanguard US Opportunity Fund	0,1%	336.498	396.905	0
Wellington Strategic European Eq. Fund	0,1%	343.306	390.406	0
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.			1.188.143	6.772.259
			<u>58.443.539</u>	<u>44.541.394</u>

# SKÝRINGAR

## 9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Skráðir innlendir hlutabréfasjóðir	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	2017	2016
Júpíter innlend hlutabréf	15,4%	544.505	548.593	542.060
IS Hlutabréfasjóður	0,1%	7.000	7.089	0
			<u>555.682</u>	<u>542.060</u>

### Óhefðbundnar fjárfestingar

#### Erlendir skráðir framtakssjóðir

Schroder Private Equity Fund III	2,4%	(542.840)	545.125	655.080
SVG Diamond Private Equity III	1,8%	171.608	333.614	460.207
Crown Private Equity Fund	1,6%	(655.454)	174.167	366.713
International Private Equity Fund II	9,6%	(601.790)	136.570	175.537
Schroder Private Equity Fund II	1,3%	(557.298)	104.828	124.317
			<u>1.294.304</u>	<u>1.781.853</u>

#### Erlendir óskráðir framtakssjóðir

MS Emerging Private Markets Fund I	5,7%	784.053	1.578.916	2.122.695
Morgan Stanley AIP VI	1,9%	763.840	729.001	531.137
Morgan Stanley AIP IV	0,9%	138.883	623.409	727.340
MS Distressed Opportunities Fund	3,0%	286.505	595.500	779.805
LPE II A	9,3%	349.440	569.119	594.645
Portfolio Advisors Private Equity Fund VIII	1,9%	471.724	518.980	410.397
LPE II LP	24,2%	417.429	504.917	524.216
European Strategic Partners 2008	0,6%	256.794	414.722	408.016
Partners Group Global Value Fund	2,5%	(286.186)	410.532	583.676
BlackRock Vesey Street Fund III	24,8%	(1.150.559)	334.375	602.095
MS Credit Opportunity Fund	3,3%	276.601	276.122	135.114
AlpInvest Secondaries Fund VI	4,0%	222.337	216.092	0
MS Private Equity Co-Inv. Op. Fund I	3,5%	133.535	125.705	0
Black Rock Private Opportunity Fund II	2,0%	(336.230)	81.655	173.865
Alþjóða framtakssjóðurinn	12,2%	(183.641)	28.296	35.135
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.			1.392.345	2.121.885
			<u>8.399.684</u>	<u>9.750.019</u>

\* Nettó fjárfesting samanstendur af heildarfjárfestingu að fráreginni sölu og arðgreiðslum. Nettó fjárfesting getur því orðið neikvæð ef heildarfjárfesting hefur öll skilað sér til baka.

# SKÝRINGAR

## 9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Innlendir óskráðir framtakssjóðir	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	2017	2016
Auður I	10,9%	185.374	199.655	402.135
Brú II	11,0%	248.788	35.648	123.853
			<u>235.303</u>	<u>525.988</u>
<b>Erlendir óskráðir fasteignasjóðir</b>				
Alþjóða fasteignasjóðurinn I	14,1%	248.279	168.734	308.561
